

EVROPU-
SAMBANDIÐ
ÚTSKÝRT

Hvernig starfar Evrópusambandið?

Leiðarvísir um
stofnanir ESB



EVROÐUSAMBANDIÐ ÚTSKÝRT

*Þetta rit tilheyrir ritröð sem útskýrir
hlutverk ESB í ýmsum málaflokkum,
af hverju ESB tekur þátt í þeim og
hver árangurinn er. Hægt er að
nágast fleiri rit á netinu:
europa.eu/pol/index_en.htm*

Hvernig starfar Evrópusambandið?

Evrópa 2020 - Vaxtaráætlun Evrópu
Stofnríki Evrópusambandsins

Landbúnaður

Fjárlög

Loftslagsmál

Samkeppnismál

Neytendur

Tollamál

Menning, miðlun, íþróttir
Þróunaraðstoð og samvinna

Upplýsingatækni

Efnahags- og myntbandalagið og evran

Menntun, starfsþjálfun, ungmennastarf

Atvinnu- og félagsmál

Orkumál

Stækkunarstefna

Fyrirtæki

Umhverfismál

Utanríkis- og öryggismál

Baráttan gegn spillingu

Fiskveiðar og málefni hafsins

Fæðuöryggi

Mannúðaraðstoð

Innri markaðurinn

Réttarvarsla, borgararéttur og grundvallarréttindi

Fólksflutningar og hælismál

Lýðheilsa

Byggðastefna

Rannsóknir og nýsköpun

Dóms- og innanríkismál

Skattamál

Viðskipti

Samgöngur

.....
Evrópusambandið útskýrt -

Hvernig starfar Evrópusambandið?

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins

Stjórnarsvið samskipta, útgáfumál

B-1049 Brussel

BELGÍU

Handriti lokið í júlí 2012

Forsíða: © Luis Pedrosa

40 bls. - 21 x 29,7 cm

ISBN 978-92-9238-116-5

doi: 10.2871/55658

Lúxemborg: Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, 2012

© Evrópusambandið, 2012

Endurprentun er leyfileg. Leyfi fyrir notkun eða

endurprentun einstakra ljósmynda skal sækja beint til
handhafa réttinda.

Evrópusambandið fjármagnar starfsemi Evrópustofu.

Prentun: Litróf



PRENTAÐ Á KLÓRFRIÁN PAPPÍR

Þýtt og útbúið til prentunar af
Evrópastofu, upplýsingamiðstöð
ESB á Íslandi, í apríl 2013.

Evrópastofa
Upplýsingamiðstöð ESB

EVROÐPUSAMBANDIÐ
ÚTSKÝRT

Hvernig starfar Evrópusambandið?

Leiðarvísir um
stofnanir ESB

Efnisyfirlit

Evrópusambandið kynnt: Starfsemin og hver gerir hvað	3
Evrópuþingið: Rödd fólksins	9
Leiðtogaráðið: Stefnan mótuð	12
Ráðherraráðið: Rödd aðildarríkjanna	14
Framkvæmdastjórnin: Í þágu sameiginlegra hagsmuna	19
Þjóðþing aðildarríkjanna: Nálægðarreglan í framkvæmd	23
Evrópuðómstóllinn: Lögum ESB fylgt eftir	24
Seðlabanki Evrópu: Verðstöðugleiki tryggður	26
Endurskoðunarréttur Evrópusambandsins: Bætir fjármálastjórn ESB	29
Efnahags- og félagsmálanefnd ESB: Rödd frjálsra félagasamtaka	31
Svæðanefndin: Rödd sveitarstjórna	33
Umboðsmaður Evrópusambandsins: Rannsakar kvartanir	34
Evrópska persónuverndarstofnunin: Verndar persónuupplýsingar	35
Fjárfestingabanki Evrópu: Fjárfest til framtíðar	36
Undirstofnanir ESB	38

Kynning á Evrópusambandinu

Starfsemin og hver gerir hvað

Umfjöllunarefnið

Rit þetta er leiðarvísir um starfsemi Evrópusambandsins. Til að svara spurningunni hvernig starfar Evrópusambandið? er skoðað hvernig ákvarðanir eru teknar á vettvangi ESB og hver tekur þessar ákvarðanir. Stofnanir ESB leika lykilhlutverk í þessari ákvarðanatöku - þekktar stofnanir svo sem Evrópuþingið, ráðherraráðið og framkvæmdastjórnin - auk fleiri stofnana. Fyrst verður útskýrt hvernig löggjöf ESB er sett og því næst er veitt innsýn í starfsemi allra helstu stofnana ESB, auk undirstofnana og nefnda sem styðja starfsemi þeirra.

Evrópusambandið í stuttu máli

Kjarni ESB er aðildarríkin, þ.e. þau 27 ríki sem eiga aðild að sambandinu, og borgarar þeirra. Það sem er einstakt við ESB er að þrátt fyrir að ríkin séu öll fullvalda og sjálfstæð þá deila þau fullveldi sínu til að auka styrk sinn og stærðarhagkvæmni. Það að deila fullveldi þýðir í raun að aðildarríkin framselja hluta af ákvarðanatökuvaldi sínu til sameiginlegra stofnana sem þau hafa sett á laggirnar, til að hægt sé að taka lýðræðislegar ákvarðanir um málefni sem varða sameiginlega hagsmuni á samevrópskum vettvangi. Evrópusambandið er þannig miðja vegu milli þess að vera sambandsríki líkt og Bandaríkin og milliríkjasamstarf eins og þekkist innan Sameinuðu þjóðanna.

Evrópusambandið hefur áorðað miklu frá stofnun þess árið 1950. Það hefur komið á fót sameiginlegum markaði fyrir vörur og þjónustu í 27 löndum með 500 milljónir íbúa sem hafa frelsi til að flytja sig um set þangað sem þeir vilja. ESB skapaði sameiginlegan gjaldmiðil - evruna - sem er nú mikilvægur gjaldmiðill á heimsvísu og eykur hagkvæmni innri markaðarins. Sambandið veitir einnig hæstu framlög í heimi til þróunar- og mannúðarmála. Hér eru einungis nefnd nokkur af helstu verkefnum til þessa. Sé litið fram á veginn þá er ESB að vinna að því að koma Evrópu út úr yfirstandandi efnahagsvanda. Það er í fararbroddi í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og afleiðingum þeirra. Samfara áætlunum um stækkun sambandsins aðstoðar það nágranna sína við að undirbúa aðild og í

mótun er sameiginleg utanríkisstefna sem mun stuðla að auknu vægi evrópskra gilda í heiminum. Getan til að taka áhrifaríkar ákvarðanir á réttum tíma sem fylgt er eftir af krafti mun ráða því hvort þessi áform skili árangri.

Sáttmálar ESB

Evrópusambandið byggir á lögum og rétti. Það þýðir að hver einasta aðgerð ESB er grundvölluð á sáttmálum sem öll aðildarríki ESB hafa samþykkt sjálfviljug og á lýðræðislegan hátt. Samið er um sáttmálana og þeir samþykktir af öllum aðildarríkjunum áður en þeir eru fullgiltir af þjóðþingum ríkjanna eða kosið er um þá í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í sáttmálunum eru sett fram markmið Evrópusambandsins, reglur um starfsemi stofnana þess, hvernig ákvarðanir eru teknar og skýrt hvert sambandið er á milli ESB og aðildarríkja þess. Sáttmálarnir eru aðlagðir við inngöngu hvers nýs aðildarríkis og endrum og sinnum hefur þeim einnig verið breytt til að bæta stofnanir Evrópusambandsins og fjölga starfssviðum sambandsins.



Hinn 9. maí 1950 lagði franskri utanríkisráðherrann Robert Schuman fyrst fram hugmyndir sem síðar leiddu til stofnunar Evrópusambandsins. Því er 9. maí fagnað sem afmælisdegi ESB.

Nýjustu sáttmálabreytingarnar voru undirritaðar í Lissabon 13. desember 2007, og ganga undir nafninu Lissabonsáttmálinn. Hann tók gildi 1. desember 2009. Þar er steypt saman í eina heildarútgáfu öllum fyrri sáttmálum Evrópusambandsins og sáttmála um starfshætti þess.

Sáttmáli um stöðugleika, samræmi og hagstjórn í efnahags- og gjaldeyrismálum ESB (e. Treaty on Stability, Coordination and Governance in the Economic and Monetary Union, TSCG) er milliríkjasamningur sem var undirritaður af öllum aðildarríkjum ESB, að Tékklandi og Bretlandi undanskildum, í mars 2012. Markmið sáttmálans er að hvetja til aga í ríkisfjármálum, auka samræmda stefnumótun í efnahagsmálum og bæta stjórnunarhætti evrusvæðisins. Sem stendur eru 17 aðildarríki ESB með evruna sem gjaldmiðil sinn.

Sáttmáli þessi er gjarnan kallaður „sáttmálinn um samræmi í ríkisfjármálum“ (e. fiscal compact) og gekk hann í gildi 1. janúar 2013. Ekki er um eiginlegan ESB

sáttmála að ræða heldur milliríkjasamning en til stendur að færa hann að endingu inn í löggjöf ESB.



Starfsemi ESB er grundvölluð á sáttmálum sem öll aðildarríkin hafa samþykkt. Nýjustu breytingarnar voru undirritaðar í Lissabon árið 2007.

Saga ESB sáttmálanna

Franski utanríkisráðherrann Robert Schuman lagði til sameiningu kola- og stáliðnaðarins í Vestur-Evrópu árið 1950. Hugmyndir hans voru lagðar til grundvallar Parísarsáttmálanum ári síðar og undanfari Evrópusambandsins - Kola- og stálbandalag Evrópu - varð til. Síðan þá hefur ESB reglulega uppfært og bætt við sáttmálana til að tryggja skilvirka stefnumótun og ákvarðanatöku.

- ▶ Parísarsáttmálinn, sem markaði stofnun Kola- og stálbandalags Evrópu (e. European Coal and Steel Community), var undirritaður í París 18. apríl 1951 og öðlaðist gildi 1952. Hann rann úr gildi árið 2002.
- ▶ Rómarsáttmálarnir, sem mörkuðu stofnun Efnahagsbandalags Evrópu (e. European Economic Community, EEC) og Kjarnorkubandalags Evrópu (e. European Atomic Energy Community, EURATOM), voru undirritaðir í Róm 25. mars 1957. Þeir öðluðust gildi árið 1958.
- ▶ Einingarlög Evrópu (e. Single European Act, SEA) voru undirrituð í febrúar 1986 og öðluðust gildi 1987. Þau breyttu sáttmálanum um Efnahagsbandalag Evrópu og ruddu veginn að fullmótun innri markaðar Evrópu.
- ▶ Sáttmálinn um Evrópusambandið - Maastrichtsáttmálinn - var undirritaður í Maastricht 7. febrúar 1992 og öðlaðist gildi árið 1993. Evrópusambandið (e. European Union) var þar með stofnað, Evrópuþingið fékk aukna hlutdeild í ákvarðanatöku og nýjum samstarfssviðum var bætt við.
- ▶ Amsterdamsáttmálinn var undirritaður 2. október 1997 og öðlaðist gildi árið 1999 en þar var fyrri sáttmálum breytt.
- ▶ Nice-sáttmálinn var undirritaður 26. febrúar 2001 og öðlaðist gildi árið 2003. Sáttmálinn bætti stofnanauppbyggingu ESB til að tryggja áfram skilvirka starfsemi þess í kjölfar inngöngu fjölda nýrra aðildarríkja árið 2004.
- ▶ Lissabonsáttmálinn var undirritaður 13. desember 2007 og öðlaðist gildi árið 2009. Sáttmálinn einfaldaði starfshætti og reglur um atkvæðagreiðslur og með honum var stofnað embætti forseta leiðtoga ráðsins og nýjar stofnanir til að efla stöðu ESB á alþjóðavettvangi.

Hver tekur ákvarðanirnar?

Ýmsar stofnanir taka þátt í ákvarðanatökuferli ESB og skal þar sérstaklega nefna:

- **Evrópuþingið** þar sem sitja fulltrúar sem eru kjörnir beint af borgurum Evrópusambandsins.
- **Leiðtogaráðið** þar sem sitja forsetar og/eða forsætisráðherrar aðildarríkjanna.
- **Ráðherraráðið** þar sem sitja fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna.
- **Framkvæmdastjórnin** sem er í forsvari fyrir hagsmuni Evrópusambandsins í heild.

Leiðtogaráðið leggur línurnar fyrir pólitíska stefnu sambandsins og forgangsmál ESB en gegnir ekki beinu hlutverki við lagasetningu. Almennt leggur framkvæmdastjórnin fram frumvarp að nýrri löggjöf sem er samþykkt af Evrópuþinginu og ráðherraráðinu. Lögunum er framfylgt af aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni.

Hvernig lög eru sett?

Til eru nokkrar ólíkar tegundir löggjafar:

- **Reglugerð** (e. regulation) er löggjöf sem hefur bindandi áhrif og tekur gildi samtímis í öllum aðildarríkjunum. Reglugerðir þarf ekki að innleiða sérstaklega í landsrétt þó stundum þurfi að breyta innlendri löggjöf til að koma í veg fyrir ósamræmi.

- **Tilskipanir** (e. directive) eru bindandi fyrir aðildarríkin, eða nokkur þeirra, til að ná fram ákveðnu markmiði. Tilskipanir þarf yfirleitt að innleiða í landsrétt til að þær öðlist gildi. Tilskipanirnar útlista ákveðin markmið sem á að ná en það er í höndum ríkjanna sjálfra að ákveða með hvaða hætti það er gert.
- **Ákvörðun** (e. decision) gildir í einstökum málum og er bindandi fyrir þá sem hún nær til, hvort sem það eru aðildarríki, hópar fólks eða einstaklingar. Ákvarðanir eru til dæmis notaðar til að úrskurða um fyrirhugaðan samruna milli fyrirtækja.
- **Tilmæli** (e. recommendation) og álit (e. opinion) eru ekki bindandi.

Hvernig eru lög sett?


Löggjöf ESB byggir ávallt á skýrum ákvæðum sáttmála ESB, sem er lagagrundvöllur löggjafarinnar og skilgreinir hvaða ferli skuli fylgja við setningu laganna. Sáttmálinn útskýrir ákvarðanatökuferlið, að meðtöldum lagafrumvörpum framkvæmdastjórnarinnar, meðferð þeirra á Evrópuþingi og í ráðherraráði, og álitsgjöf eftirlitsstofnana. Þar er einnig útskýrt hvenær samhljóða samþykkis er krafist og hvenær fullnægjandi er að hafa aukinn meirihluta í ráðherraráðinu til að löggjöfin fái samþykkt.

Yfirgnæfandi meirihluti laga ESB er settur samkvæmt **almennri lagasetningarmedferð** (e. ordinary legislative procedure) þar sem Evrópuþingið og ráðherraráðið fara sameiginlega með löggjafarvaldið.



Frelsi allra borgara ESB til að ferðast, búa og starfa innan allra aðildarríkjanna 27 er eitt af helstu afrekum Evrópusambandsins.

ALMENN LAGASETNINGARMEDFERÐ



* Ráðherraráðið tekur ákvörðun sína með auknum meirihluta (sáttmálarnir krefjast samhljóða samþykkis í nokkrum tilteknum málaflokkum). Ef ráðherraráðið hyggst gera breytingar á frumvarpi/álit framkvæmdastjórnarinnar er sú ákvörðun hins vegar tekin með samhljóða samþykki.

Lagasetningarmeðferðin hefst hjá framkvæmdastjórninni. Við upphaf frumvarpsgerðar leitar framkvæmdastjórnin oft álits hjá ríkisstjórnunum, fulltrúum viðskiptalífsins, frjálsum félagasamtökum og einstaklingum. Byggt er á álitunum við gerð frumvarps framkvæmdastjórnarinnar sem síðan er kynnt fyrir ráðherraráðinu og Evrópupinginu. Frumvarpið kann að hafa orðið til vegna hvatningar ráðherraráðsins, leiðtogaáráðsins, Evrópupingsins eða borgara Evrópusambandsins, eða að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar.

Ráðherraráðið og Evrópupingið fara yfir og ræða frumvarpið hvort í sínu lagi. Ef samkomulag hefur ekki náðst í lok annarrar umræðu er frumvarpið sett í sáttanefnd sem skipuð er jafn mörgum fulltrúum ráðherraráðsins og þingsins. Fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar sækja fundi nefndarinnar og taka þátt í umræðunum. Þegar sáttanefndin hefur náð niðurstöðu er samþykkti textinn sendur til Evrópupingsins og ráðherraráðsins til þriðju umræðu, svo að loksins megi samþykkja frumvarpið sem lög. Í flestum tilfellum þarf einfaldan meirihluta í atkvæðagreiðslu í þinginu og aukinn meirihluta í atkvæðagreiðslu í ráðherraráðinu, þar sem hvert aðildarríki hefur vissan atkvæðafjölda í samræmi við stærð og íbúafjölda. Í sumum tilfellum er samhljóða samþykkis krafist við afgreiðslu ráðherraráðsins.

Sérstök meðferð

Hægt er að beita sérstökum lagasetningarferlum í samræmi við efni frumvarpsins. Samkvæmt **samráðsferlinu** (e. consultation procedure) þarf ráðherraráðið að ráðfæra sig við Evrópupingið um tillögu framkvæmdastjórnarinnar en er ekki bundið af ráðleggingum þess. Þessari meðferð er einungis beitt í einstökum málum, svo sem vegna undanþága á innri markaðnum og frá samkeppnislögum. Í **samþykkisferlinu** (e. consent procedure) getur Evrópupingið ýmist samþykkt eða hafnað frumvarpi án þess að leggja fram breytingar. Þetta á við þegar frumvarpið fjallar um samþykkt á alþjóðasáttmála sem samið hefur verið um. Þessu til viðbótar eru einstaka afmörkuð tilvik þar sem ráðherraráðið og framkvæmdastjórnin, eða framkvæmdastjórnin ein og sér, geta samþykkt löggjöfina.

Hverjir eru spurðir álits, hverjir geta mótmælt?

Til viðbótar við þríliða samstarf framkvæmdastjórnarinnar, ráðherraráðsins og þingsins

eru ráðgefandi nefndir sem verður að leita til ef tillaga að löggjöf snertir málavæði þeirra. Jafnvel þegar ráðgjöf þeirra er ekki fylgt þá eykur framlag þeirra lýðræðislegt eftirlit með löggjöf ESB með því að tryggja að hún sé skoðuð ofan í kjölinn.

Þessar nefndir eru:

- **Efnahags- og félagsmálanefnd ESB** sem í sitja fulltrúar frjálsra félagasamtaka á borð við samtök atvinnurekenda, stéttafélög og hagsmunasamtök á sviði félagsmála.
- **Svæðanefnd** sem tryggir að sjónarmið sveita- og héraðsstjórna fái að heyrast.

Auk þeirra eru aðrar ráðgefandi stofnanir og nefndir sem leita má til þegar frumvarpið snertir málavæði þeirra eða sérþekkingu. Til dæmis má vænta þess að leitað sé ráða hjá Seðlabanka Evrópu þegar fjallað er um efnahagsmál eða fjármál.

Þátttaka borgaranna

Í krafti hins nýja borgarafrumkvæðis (e. European citizens' initiative) getur ein milljón borgara frá a.m.k. fjórðungi aðildarríkja ESB beðið framkvæmdastjórnina um að leggja fram frumvarp til laga um ákveðið málafni. Umfjöllun um frumkvæðistillögur fara fram í Evrópupinginu. Borgarafrumkvæði getur því haft áhrif á starfsemi stofnana ESB og opinbera umræðu.



Borgarar geta nú lagt fram tillögu að nýjum lögum, í krafti borgarafrumkvæðisins.

Eftirlit innan aðildarríkjanna

Þjóðþing aðildarríkjanna fá tillögur að nýjum lögum til umsagnar á sama tíma og Evrópuþingið og ráðherraráðið. Þingin geta veitt álit sitt til að tryggja að ákvarðanir séu teknar á því stjórnstigi sem best hæfir. Aðgerðir ESB eru háðar hinni svokölluðu **nálægðarreglu** sem þýðir að einungis er gripið til aðgerða á vettvangi Evrópusambandsins þegar það er talið skilvirkara en á vettvangi aðildarríkjanna. Þetta á ekki við í þeim málum þar sem ESB fer með óskiptar valdheimildir. Þjóðþingin hafa því eftirlit með því að nálægðarreglunni sé rétt beitt í ákvarðanatöku ESB.

Hvaða ákvarðanir eru teknar?

Í sáttmálum ESB eru skilgreind þau málavæðing sem ESB getur tekið ákvarðanir um. Á vissum sviðum fer ESB með **óskiptar valdheimildir** (e. exclusive competence) og þá eru ákvarðanir teknar á vettvangi ESB af aðildarríkjunum, á fundi ráðherraráðsins og í Evrópuþinginu. Þessi málavæðing eru tollamál, samkeppnisreglur, peningamálastefna fyrir evrusvæðið, verndun fiskimiða og viðskipti.

Á öðrum sviðum deilir Evrópusambandið valdheimildum með aðildarríkjunum. Það þýðir að löggjöf, sem sett er á vettvangi ESB, hefur forgang en ef engin ESB lög eru sett þá geta aðildarríkin sett lög hvert um sig.

Sameiginlegar valdheimildir (e. shared competence) eru á mörgum málavæðingum, svo sem um innri markaðinn, landbúnað, umhverfismál, neytendavernd og samgöngumál.

Aðildarríkin ráða sér sjálf á öllum öðrum málavæðingum. Af þessu leiðir að ef ekki er fjallað um ákveðinn málaflokk í sáttmálum ESB þá getur framkvæmdastjórnin ekki gert tillögu á því sviði. Engu að síður getur Evrópusambandið veitt aðildarríkjunum aðstoð í nokkrum málaflokkum, svo sem geimvísindum, menntunar-, menningar- og ferðaþjónustu. Á enn öðrum sviðum getur ESB rekið eigin verkefni samhliða aðildarríkjunum, til að mynda með þróunaraðstoð og stuðningi við vísindarannsóknir.

Samhæfð stefna í efnahagsmálum

Öll ríki Evrópusambandsins eru aðilar að efnahags- og myntbandalaginu. Ríkin samhæfa því stefnur sínar í efnahagsmálum og taka ákvarðanir um efnahagsmál á þeim grundvelli að þær snerti alla sameiginlega. Innan efnahags- og myntbandalagsins er engin ein stofnun ábyrg fyrir sameiginlegri stefnu í efnahagsmálum. Ábyrgð á efnahagsmálum er deilt milli aðildarríkjanna og stofnana ESB.

Peningamálastefna - um stöðugt verðlag og vexti - lýtur sjálfstæðri stjórn Seðlabanka Evrópu á evrusvæðinu, þ.e. í þeim 17 ríkjum sem nota evruna sem gjaldmiðil.

Ríkisfjármál - ákvarðanir um skatta, útgjöld og lán - er á ábyrgð ríkisstjórna aðildarríkjanna 27. Hið sama gildir um vinnumarkaðs- og velferðarmál. Ákvarðanir eins evruríkis um ríkisfjármál geta engu að síður haft áhrif á evrusvæðinu öllu og því verða slíkar ákvarðanir að vera í samræmi við reglur sem settar eru af ESB. Samhæfing og agi í ríkisfjármálum og hagstjórn eru þar af leiðandi nauðsynleg fyrir skilvirkni efnahags- og myntbandalagsins og til að tryggja stöðugleika og vöxt. Fjármálakreppan, sem hófst árið 2008, undirstrikaði sérstaklega þörfina á öflugri stjórn efnahagsmála innan ESB og evrusvæðisins, meðal annars með samhæfðari stefnumótun og öflugra eftirliti.

Ráðherraráðið fylgist með ríkisfjármálum og efnahagsstefnum aðildarríkjanna og getur komið með tilmæli til einstakra ESB-ríkja á grundvelli tillagna frá framkvæmdastjórninni. Þar er hægt að leggja til aðlögunarúrræði og viðurlög gagnvart evruríkjum sem grípa ekki til úrbóta til að draga úr of háum fjárlagahalla og skuldaförnun.

Hagstjórn á evrusvæðinu og stórtækar umbætur í efnahagsmálum eru jafnframt ræddar á leiðtogafundum evruríkjanna.

ESB og alþjóðasamskipti

Samskipti við ríki utan ESB eru á ábyrgð æðsta talsmanns stefnu sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og er hann skipaður af leiðtogaráðinu. Hann er jafnframt varaforseti framkvæmdastjórnarinnar. Forseti leiðtogaráðsins er fulltrúi ESB á fundum þjóðarleiðtoga.

Utanríkisþjónusta ESB sinnir hlutverki utanríkisráðuneytis hjá Evrópusambandinu undir stjórn æðsta talsmanns stefnu sambandsins í utanríkis- og öryggismálum. Starfsfólk utanríkisþjónustunnar eru sérfræðingar frá ráðherraráðinu, aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni.

Ráðherraráðið mótar og tekur ákvarðanir á sviði utanríkis- og öryggismála samkvæmt stefnumótun leiðtogaráðsins. Framkvæmdastjórnin annast aftur á móti samskipti við ríki utan ESB í málum sem varða viðskipti, þróunarmál og mannúðaraðstoð. Framkvæmdastjórnin er einnig í forsvari hjá Evrópusambandinu í öllum málaflokkum sem falla undir valdsvið ESB utan við utanríkis- og öryggismál.

Evrópuþingið

Rödd fólksins

Hutverk: Löggjafarsamkunda ESB kjörin beinni kosningu

Meðlimir: 754 Evrópuþingmenn

Aðsetur: Strassborg, Brussel og Lúxemborg

► europarl.eu

Þingmenn Evrópuþingsins (e. European Parliament) eru kjörnir beint af borgurum ESB og skulu gæta hagsmuna þeirra. Kosningar eru haldnar á fimm ára fresti og geta allir borgarar ESB ríkjanna yfir 18 ára aldri (16 ára í Austurríki) – 375 milljónir manna – kosið. Á Evrópuþinginu sitja 754 þingmenn frá öllum aðildarríkjunum 27.

Aðsetur Evrópuþingsins er í Strassborg (Frakklandi) en stofnunin starfar á þremur stöðum; í Strassborg, Brussel (Belgíu) og Lúxemborg. Aðalfundir þingsins, svokallaðir allsherjafundir (e. plenary sessions), eru haldnir 12 sinnum á ári í Strassborg. Aukaallsherjafundir eru haldnir í Brussel. Nefndafundir eru einnig haldnir í Brussel.

Samsetning Evrópuþingsins

Sætum í Evrópuþinginu er úthlutað á milli aðildarríkjanna í hlutfalli við heildaríbúafjölda ESB.


Króatía verður 28. aðildarríki ESB hinn 1. júlí 2013. Við inngöngu ríkisins taka 12 króatískir fulltrúar sæti á Evrópuþinginu fram að lokum kjörtímabilsins. Eftir kosningar til Evrópuþingsins 2014 verður heildarfjöldi Evrópuþingmanna 751.

Flestir Evrópuþingmenn hafa tengsl við stjórnmalahreyfingu í heimalandi sínu. Á Evrópuþinginu draga stjórnmalaflokkar ríkjanna sig saman í samevrópska stjórnmalahópa og taka flestir Evrópuþingmenn sæti í þeim.

FJÖLDI EVRÓPUÞINGMANNA EFTIR AÐILDARRÍKJUM ÁRIÐ 2012

Aðildarríki	Fjöldi þingsæta	Aðildarríki	Fjöldi þingsæta
Austurríki	19	Litháen	12
Belgía	22	Lúxemborg	6
Búlgaría	18	Malta	6
Bretland	73	Pólland	51
Danmörk	13	Portúgal	22
Eistland	6	Rúmenía	33
Finnland	13	Slóvakía	13
Frakkland	74	Slóvenía	8
Grikkland	22	Spánn	54
Holland	26	Svíþjóð	20
Írland	12	Tékkland	22
Ítalía	73	Ungverjaland	22
Kýpur	6	Þýskaland	99
Lettland	9	SAMTALS	754

FJÖLDI EVRÓPUÞINGMANNA Í HVERJUM STJÓRNMÁLAHÓPI Í APRÍL 2012



Hvað gerir Evrópuþingið?

Evrópuþingið hefur þrjú meginhlutverk:

1. Það setur lög ásamt ráðherraráðinu. Sú staðreynd að þingmenn eru kosnir beinu kjöri eykur lýðræðislegt lögmæti lagasetninga ESB.
2. Það hefur lýðræðislegt eftirlit með starfsemi allra stofnana ESB, sérstaklega framkvæmdastjórninni. Þingið hefur völd til að samþykkja eða hafna tilnefningum um forseta framkvæmdastjórnarinnar og framkvæmdastjóra og það getur samþykkt vantraust á framkvæmdastjórnina í heild sinni.
3. Það deilir yfirráðum yfir fjárlögum ESB með ráðherraráðinu og getur þannig haft áhrif á útgjöld sambandsins. Undir lok fjárlagagerðar samþykkir þingið eða hafnar fjárlögunum í heild sinni.

Þessum þremur hlutverkum er nánar lýst hér fyrir neðan.

1. LÖGGJAFARVALD

Lög ESB eru oftast sett með hinni svokölluðu almennu lagasetningarmeðferð sem er einnig þekkt sem „samákvörðunarferlið“ (e. co-decision procedure). Þar standa Evrópuþingið og ráðherraráðið jafnfætis og lög sem eru sett þannig eru á vegum þeirra beggja. Lög á flestum sviðum eru sett á þennan hátt, svo sem um neytendarétt, umhverfisvernd og samgöngur. Samkvæmt almennu lagasetningarmeðferðinni leggur framkvæmdastjórnin fram frumvarp sem krefst samþykkis bæði Evrópuþingsins og ráðherraráðsins. Allir alþjóðasamningar sem gerðir eru á málavíðum sem

falla undir almennu lagasetningarmeðferðina þurfa samþykki Evrópuþingsins.

Þingið er kafið um ráðgjöf í fjölda mála og er nauðsynlegt að fá samþykki þingsins fyrir mikilvægum ákvörðunum um stjórn málaþróun eða stofnanir, svo sem um velferðarmál, skattatengd ákvæði á sviði orkumála, og samræmingu veltuskatta og óbeinnar skattlagningar. Evrópuþingið getur einnig hvatt til nýrrar löggjafar. Við gerð dagskrár framkvæmdastjórnarinnar getur þingið hvatt framkvæmdastjórnina til að leggja fram tillögur sem þingið telur mikilvægar.

2. EFTIRLITSHLUTVERK

Evrópuþingið hefur lýðræðislegt eftirlit með öðrum stofnunum ESB. Þessu hlutverki sinnir þingið með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi leggur Evrópuþingið spurningar fyrir alla sem tilnefndir eru í embætti framkvæmdastjóra og tilvonandi forseta framkvæmdastjórnarinnar (samkvæmt tilnefningum frá aðildarríkjunum) og getur skipun þeirra í embætti ekki gengið eftir án samþykkis þingsins.

Framkvæmdastjórnin er ennfremur ábyrg gagnvart þinginu sem getur samþykkt vantrauststillögu á framkvæmdastjórnina í heild sinni og þannig þvingað hana til að segja af sér. Evrópuþingið sinnir almennu eftirlitshlutverki sínu með reglulegri skoðun á skýrslum framkvæmdastjórnarinnar til þingsins og með skriflegum jafnt sem munnlegum fyrirspurnum.

Framkvæmdastjórnirnar sækja allsherjafundi Evrópuþingsins og fundi þingnefnda. Evrópuþingið á einnig reglulegt samráð við forseta Seðlabanka Evrópu um peningamál.



Martin Schulz var kjörinn forseti Evrópuþingsins árið 2012.

© EU

Evrópuþingið sinnir einnig eftirliti með starfsemi ráðherraráðsins. Þingmenn geta lagt spurningar fyrir ráðherraráðið og formennskuríkið í ráðherraráðinu tekur þátt í allsherjarfundum og mikilvægum umræðum. Á vissum málavíðum, að meðtöldum utanríkis- og öryggismálum, fer ráðherraráðið eitt með ákvarðanatökuvaldið – en þingið vinnur engu að síður náið með ráðherraráðinu í þeim málum.

Evrópuþingið getur brugðist við kvörtunum frá almenningi og sett á fót rannsóknarnefndir.

Evrópuþingið tekur einnig þátt í fundum leiðtogaráðsins. Í upphafi hvers leiðtogafundar er forseta þingsins boðið að leggja fram álit þingsins á mikilvægum málum og getur hann þannig sett þau á dagskrá fundarins.

3. FJÁRVEITINGAVALD

Evrópuþingið og ráðherraráðið fjalla í sameiningu um árlegt fjárlagafrumvarp ESB. Þingið ræðir frumvarpið í tveimur umferðum og tekur fjárlagafrumvarpið ekki gildi fyrr en það hefur verið undirritað af forseta þingsins.

Fjárlagaeftirlitsnefnd Evrópuþingsins hefur eftirlit með því hvernig fjármunum er varið og á hverju ári þarf þingið að ákveða hvort það samþykkir ráðstöfun framkvæmdastjórnarinnar á fjárlögum fyrra árs.

Hvernig starfar Evrópuþingið?

Þingmenn kjósa sér forseta til tveggja og hálfes árs í senn. Forseti þingsins er fulltrúi þess gagnvart öðrum stofnunum ESB og aðilum utan ESB en 14 varaforsetar styðja forsetann í verkefnum sínum. Forseti Evrópuþingsins og forseti ráðherraráðsins undirrita öll lög sem hafa hlotið samþykki.

Störfum Evrópuþingsins er skipt í tvö höfuðsvið:

- Undirbúningur allsherjafunda: Þetta starf er unnið af þingmönnum í 20 fagnefndum þingsins, svo sem nefnd um efnahags- og peningamál (ECON) og nefnd um alþjóðaviðskipti (INTA). Umfjöllunarefni þingsins hverju sinni eru einnig tekin til umræðu í stjórnmalahópnum.
- Allsherjafundir: Allir Evrópuþingmenn sækja allsherjafundina sem eru venjulega haldnir mánaðarlega í Strassborg og standa í eina viku. Einstaka sinnum eru auka allsherjafundir haldnir í Brussel. Á allsherjafundunum tekur þingið fyrir frumvörp og greiðir atkvæði um breytingatillögur og frumvörp í heild sinni. Auk löggjafarstarfsins fara fram umræður um skýrslur frá ráðherraráðinu og framkvæmdastjórninni og um evrópsk eða alþjóðleg mál sem eru í brennidepli.

Leiðtogaráðið

Stefnan mótuð

Hlutverk: Pólitísk stefnumótun og forgangsmál

Meðlimir: Þjóðarleiðtogar allra aðildarríkjanna, forseti leiðtogaráðsins og forseti framkvæmdastjórnarinnar

Aðsetur: Brussel

► european-council.europa.eu

Helstu stjórnmalaleiðtogar ESB, þ.e. forsætisráðherrar og/eða forsetar aðildarríkjanna, forseti ráðsins og forseti framkvæmdastjórnarinnar sitja í leiðtogaráðinu (e. European Council). Þeir hittast a.m.k. fjórum sinnum á ári til að móta almenna pólitíska stefnu og forgangsmál ESB. Æðsti talsmaður utanríkis- og öryggismálastefnu ESB tekur einnig þátt í fundunum.

Hvað gerir leiðtogaráðið?

Leiðtogaráðið er æðsti samstarfsvettvangur aðildarríkja ESB. Þjóðarleiðtogarnir ákveða samhljóða heildarstefnumótun og forgangsmál ESB og tryggja að frekari þróun sambandsins eigi sér stað.

Leiðtogaráðið hefur ekki lagasetningarvald. Í lok hvers leiðtogaráðsfundar eru gefnar út niðurstöður fundarins (e. conclusions) þar sem fram koma helstu skilaboð, ákvarðanir og tilmæli um eftirfylgni. Í niðurstöðunum er fjallað um helstu mál sem ráðherraráðið þarf að sinna og einnig kann framkvæmdastjórnin að vera beðin um að leggja fram tillögur að löggjöf til að takast á við ákveðin úrlausnarmál sambandsins.

Fundir leiðtogaráðsins eru að jafnaði haldnir á sex mánaða fresti. Hægt er að efna til aukafunda í ráðinu þegar áriðandi mál þarfnast ákvarðana æðstu leiðtoga, t.d. vegna efnahags- eða utanríkismála.

Forseti leiðtogaráðsins

Forseti leiðtogaráðsins kallar saman fundi og stýrir þeim, hefur umsjón með starfi ráðsins og veitir því forystu.

Forseti leiðtogaráðsins er jafnframt fulltrúi ESB út á við. Forsetinn er fulltrúi ESB í utanríkis- og öryggismálum í samstarfi við æðsta talsmann utanríkis- og öryggismálastefnu ESB.

Forseti leiðtogaráðsins er kosinn af leiðtogaráðinu til tveggja og hálfis árs með möguleika á endurkjöri einu sinni. Um fullt starf er að ræða, þ.e. forseti leiðtogaráðsins getur ekki samtímis gegnt starfi í þágu sinnar þjóðar.

Hvernig tekur leiðtogaráðið ákvarðanir?

Flestar ákvarðanir leiðtogaráðsins eru teknar með samhljóða samþykki (e. consensus). Í sumum tilfellum er nóg að hafa aukinn meirihluta, t.d. í atkvæðagreiðslum um nýjan forseta ráðsins og í tilnefningum til framkvæmdastjórnarinnar og í stöðu yfirmanns utanríkis- og öryggismálastefnu ESB.

Einungis þjóðarleiðtogar geta kosið í atkvæðagreiðslum leiðtogaráðsins.

Aðalskrifstofa leiðtogaráðsins

Starfsemi leiðtogaráðsins er studd af aðalskrifstofu ráðherraráðsins (e. General Secretariat of the Council).

Leiðtogafundur evruríkja

Þjóðarleiðtogar þeirra ríkja sem hafa tekið upp evruna, evruhópsins, hittast a.m.k. tvisvar á ári til viðbótar við fundi leiðtogaráðsins. Forseti framkvæmdastjórnarinnar og forseti Seðlabanka Evrópu sitja einnig þá fundi og stundum einnig forseti Evrópuþingsins.

Stjórn evrusvæðisins og stórtækar umbætur í efnahagsmálum eru ræddar á fundum evruríkjanna (e. euro summit). Fundirnir voru settir á laggirnar með sáttmála um stöðugleika, samræmi og hagstjórn í efnahags- og gjaldeyrismálum ESB sem var undirritaður af 25 aðildarríkjum árið 2012 og gekk í gildi 2013. Forseti evruhópsins er tilnefndur af þjóðarleiðtogum evruríkjanna á sama tíma og forseti leiðtogaráðsins er kosinn. Embættistíminn er sá sami og getur sami einstaklingur gegnt báðum embættum samtímis.

Stundum taka leiðtogar ESB-ríkja, sem standa utan evrusvæðisins en hafa undirritað stöðugleikasáttmálann, þátt í fundum evruhópsins. Forseti evruhópsins veitir ríkjum utan hópsins upplýsingar um undirbúning og niðurstöður leiðtogafunda evruríkjanna.



© EU

Herman Van Rompuy er forseti leiðtogaráðsins og stýrir fundum þess.

Algengur misskilningur: hvaða ráð er hvað?

Það er auðvelt að ruglast á „ráðum“ á vettvangi Evrópu, sérstaklega þegar nöfn þeirra eru svo keimlík á ensku, eins og ráðin þrjú hér fyrir neðan.

► Leiðtogaráðið (e. The European Council)

Samstarfsvettvangur leiðtoga (þ.e. forseta og/eða forsætisráðherra) aðildarríkja ESB, forseta leiðtogaráðsins og forseta framkvæmdastjórnar ESB. Þetta er æðsti samstarfsvettvangur ESB og fundir þess kallaðir leiðtogafundir (e. summits).

► Ráðherraráðið (e. The Council)

Ráðherraráðið samanstendur af ráðherrum úr ríkisstjórnnum allra aðildarríkja ESB. Það hittist reglulega, tekur ákvarðanir um málefni ESB og setur lög.

► Evrópuráðið (e. The Council of Europe)

Evrópuráðið er ekki stofnun á vegum ESB heldur alþjóðastofnun um mannréttindi, lýðræði og réttarfar. Evrópuráðið var stofnað árið 1949 og ein fyrsta framkvæmd þess var að semja mannréttinasáttmála Evrópu (e. European Convention on Human Rights). Í kjölfarið var settur á laggirnar Mannréttindadómstóll Evrópu (e. European Court of Human Rights) til að tryggja að fólk geti notið réttinda samkvæmt sáttmálanum. Aðildarríki Evrópuráðsins eru 47, að öllum ESB-ríkjunum meðtöldum. Aðsetur Evrópuráðsins er í Strassborg í Frakklandi.

Ráðherraráðið

Rödd aðildarríkjanna

Hlutverk: Stefnumótun og lagasetning

Meðlimir: Einn ráðherra frá hverju aðildarríki

Aðsetur: Brussel og Lúxemborg

► consilium.europa.eu

Ráðherrar aðildarríkjanna hittast í ráðherraráðinu til að ræða málefni ESB, taka ákvarðanir og setja lög. Ráðherrarnir hafa heimild til að skuldbinda ríkisstjórnir sínar til að fylgja eftir ákvörðunum ráðsins.

Hvað gerir ráðherraráðið?

Ráðherraráðið er lykiladili í ákvarðanatöku ESB. Vinna þess fer fram á fundum sem einn ráðherra úr ríkisstjórnnum allra aðildarríkja ESB sækir. Tilgangur fundanna er að ræða, breyta og samþykkja lögjöf, samþæfa stefnumótun aðildarríkjanna eða skilgreina utanríkisstefnu ESB.

Umræðuefni hvers fundar ræður því hvaða ráðherra sækir fund ráðsins og þar með samsetningu ráðsins hverju sinni. Ef t.d. umhverfismál eru til umræðu sækja umhverfisráðherrar aðildarríkjanna fund ráðsins sem þá er kallað ráð um umhverfismál (e. Environment Council).

Sama gildir um ráðið um efnahags- og fjármál (e. Economic and Financial Affairs Council) og ráðið um samkeppnismál (e. Competitiveness Council) o.s.frv.

Formennska í ráðherraráðinu færast á milli aðildarríkja á sex mánaða fresti og skal henni ekki ruglað saman við forseta leiðtogaráðsins. Sú ríkisstjórn sem fer með formennsku í ráðherraráðinu á hverjum tíma skipuleggur og stýrir öllum fundum ráðherraráðsins. Einstaka sinnum er fundum ráðsins um utanríkismál stýrt af æðsta talsmanni utanríkis- og öryggismálafundar ESB, sem hefur umsjón með framkvæmd stefnu ráðsins.

Til að tryggja samfellu í starfsemi ráðherraráðsins býr starfshópur þriggja formennskuríkja (e. trio) til sameiginlega vinnuáætlun til 18 mánaða.



Aðildarríki ESB hafa sammælt um sóknaráætlunina Evrópa 2020 um efnahagsvöxt. Hún byggir á þekkingu, þátttöku og sjálfbærni og tekur ráðherraráðið margar ákvarðanir um framkvæmd áætlunarinnar.

FORMENNSKA Í RÁÐHERRARÁÐINU

Ár	janúar-júní	júlí-deseember
2013	Írland	Litháen
2014	Grikkland	Ítalía
2015	Lettland	Lúxemborg
2016	Holland	Slóvakía
2017	Malta	Bretland
2018	Eistland	Búlgaría
2019	Austurríki	Rúmenía
2020	Finnland	

Ráðherrar í ráðherraráðinu hafa heimild til að skuldbinda ríkisstjórn sína. Ráðherrarnir eru ennfremur ábyrgir gagnvart þjóðkjörnum stjórnvöldum sínum sem tryggir lýðræðislegt lögmæti ákvarðana ráðherraráðsins.

Ráðherraráðið hefur fimm meginhlutverk:

1. Löggjafarvald sem er oftast deilt með Evrópuþinginu.
2. Samræmingarhlutverk í stefnumálum aðildarríkjanna, t.d. í efnahagsmálum.
3. Mótun sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu ESB, með vísan til stefnumótunar leiðtogaáráðsins.
4. Undirritun alþjóðasamninga milli ESB og annarra ríkja eða alþjóðastofnana.
5. Samþykkt fjárlaga ESB, ásamt Evrópuþinginu.

Starfi ráðherraráðsins er nánar lýst hér fyrir neðan.

1. LÖGGJÖF

Megnið af löggjöf ESB er samþykkt af ráðherraráðinu og Evrópuþinginu í sameiningu. Reglan er sú að ráðherraráðið bregðist einungis við frumvarpi frá framkvæmdastjórninni, sem venjulega er ábyrg fyrir því að löggjöfinni sé rétt framfylgt, þegar hún hefur verið sett.

2. SAMRÆMING Á EFNAGGSSTEFNU AÐILDARRÍKJANNA

Öll aðildarríki ESB eru aðilar að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu þrátt fyrir að þau séu ekki öll á evrusvæðinu. Stefna ESB í efnahagsmálum byggir á náinni samræmingu á efnahagsstefnum aðildarríkjanna og er það starf leitt af efnahags- og fjármálaráðherrum ríkjanna sem sitja saman í efnahags- og fjármálaráðinu (Ecofin).

3. SAMEIGINLEG UTANRÍKIS- OG ÖRYGGISMÁLA-STEFNA

Mótun og framkvæmd sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum (CFSP) er alfarið í höndum ráðherraráðsins og leiðtogaáráðsins, á grundvelli samhljóða samþykkis allra aðildarríkjanna. Æðsti talsmaður utanríkis- og öryggismálastefnu ESB sér til þess að stefnunni sé framfylgt í samstarfi við aðildarríkin, sem hittast á fundum í ráðinu um utanríkismál.

4. ALÞJÓÐASAMNINGAR

Á hverju ári undirritar ráðherraráðið fjölda alþjóðasamninga milli Evrópusambandsins og ríkja utan sambandsins eða alþjóðastofnana. Þessir samningar geta náð yfir mörg svið, s.s. viðskipti, samstarf og þróunarmál eða fjallað um sértækari efni, eins og textílvörur, sjávarútveg, vísindi, samgöngur o.fl. Þegar efni samninganna fellur undir málaflokka sem heyra undir Evrópuþingið þá er samþykkið þingsins einnig krafist fyrir undirritun.

5. SAMÞYKKT FJÁRLAGA ESB

Árleg fjárlög ESB eru samþykkt af ráðherraráðinu og Evrópuþinginu í sameiningu. Ef stofnanirnar tvær ná ekki samkomulagi er málinu vísað í sáttaferli þar til fjárlög hafa verið samþykkt.

Til eru 10 mismunandi samsetningar á ráðherraráðinu

Formennska í höndum æðsta talsmanns utanríkis- og öryggismálastefnu ESB:

► *utanríkismál*

Formennska í höndum formennskuríkis ráðherraráðsins:

► *almenn málefni*

► *efnahags- og fjármál*

► *dóms- og innanríkismál*

► *atvinnu-, félags-, heilbrigðis- og neytendamál*

► *samkeppnismál (innri markaðurinn, iðnaður, rannsóknir og geimvísindi)*

► *samgöngu-, fjarskipta- og orkumál*

► *landbúnaðar- og sjávarútvegsmál*

► *umhverfismál*

► *menntunar-, æskulýðs- og menningarmál*

Hvernig starfar ráðherraráðið?

Allar umræður og atkvæðagreiðslur ráðherraráðsins fara fram fyrir opnum tjöldum. Hægt er að fylgjast beint með fundum ráðsins á vefsíðu þess.

Ráðið um almenn málefni (e. General Affairs Council) tryggir samræmi í starfsemi ráðherraráðsins eftir mismunandi samsetningu þess og hefur eftirlit með því að ákvörðunum leiðtogaráðsins sé fylgt eftir.

Ráðið um almenn málefni nýtur stuðnings sérstakrar nefndar fastafultrúa (almennt kölluð Coreper vegna franska heitis hennar: Comité des Représentants Permanents). Í Coreper-nefndinni sitja sendiherrar aðildarríkja ESB en öll aðildarríkin eru með fastanefndir í Brussel sem eru í forsvari fyrir sitt ríki og standa vörð um hagsmuni þess. Yfirmaður hverrar fastanefndar er þannig sendiherra síns ríkis gagnvart Evrópusambandinu. Sendiherrarnir hittast vikulega á fundum nefndar fastafultrúanna.

Hlutverk Coreper-nefndarinnar er að undirbúa fundi ráðherraráðsins. Eina undantekningin er landbúnaðarmál sem eru í höndum sérstakrar nefndar (e. Special Committee on Agriculture). Coreper-nefndin nýtur aðstoðar fjölda vinnuhópa sem skipaðir eru embættismönnum frá aðildarríkjunum.

Atkvæðafjöldi í ráðherraráðinu

Ákvarðanir í ráðherraráðinu eru teknar með atkvæðagreiðslu. Samkvæmt núgildandi reglum tekur ráðið ákvarðanir með auknum meirihluta nema í tilfellum þar sem sáttmálar ESB krefjast annars, t.d. samhljóða samþykkis um skattamál og utanríkismál. Fjöldi atkvæða er í samræmi við íbúafjölda aðildarríkjanna, þ.e. þeim mun fjölmennari ríki þeim mun fleiri atkvæði, en kerfið er engu að síður sniðið að auknu hlutfallslegu atkvæðavægi fámennari ríkja.

Króatía fær sjö atkvæði í ráðherraráðinu við inngöngu í ESB í júlí 2013. Breytingar verða gerðar á atkvæðafjölda í ráðherraráðinu árið 2014 þegar ákvæði um aukinn meirihluta verður skipt út fyrir ákvæði um tvöfaldan meirihluta. Það þýðir að tillaga að löggjöf ESB verður einungis samþykkt með stuðningi meirihluta (55%) aðildarríkjanna og meirihluta (65%) íbúafjölda sambandsins, sem endurspeglar mun betur réttmæti ESB sem sambands bæði ríkja og almennings. Fyrir vikið verður lagasetning ESB gegnsærri og skilvirkari. Þessu fylgir einnig sú breyting að fjögur ríki hið minnsta sem saman eru með a.m.k. 35% íbúa sambandsins, geta staðið í vegi fyrir ákvörðun. Ef sú staða kemur upp verður ráðherraráðið að leita allra leiða innan skynsamlegra tímamarka til að finna ásættanlega lausn.

ATKVÆÐAFJÖLDI HVERS RÍKIS Í RÁÐHERRARÁÐINU

Bretland, Frakkland, Ítalía, Þýskaland	29
Pólland, Spánn	27
Rúmenía	14
Holland	13
Belgía, Grikkland, Pólland, Tékkland, Ungverjaland	12
Austurríki, Búlgaría, Svíþjóð	10
Danmörk, Finnland, Írland, Litháen, Slóvakía	7
Eistland, Kýpur, Lettland, Lúxemborg, Slóvenía	4
Malta	3
Heildarfjöldi	345
Fjöldi atkvæða sem aukinn meirihluti krefst	255

Aðalskrifstofa ráðherraráðsins

Aðalskrifstofa ráðherraráðsins (e. The General Secretariat of the Council) aðstoðar leiðtogaráðið og forseta þess sem og ráðherraráðið og formennskuríkin. Framkvæmdastjóri skrifstofunnar (e. Secretary-General) er skipaður af ráðherraráðinu.

Hvað er „aukin samvinna“?

Ef nokkur aðildarríki vilja starfa náið saman á sviðum sem falla ekki undir óskiptar valdheimildir ESB og ekki tekst að fá samþykki allra hinna aðildarríkjanna fyrir samstarfinu, þá geta þau starfað undir hatti svokallaðrar aukinnar samvinnu (e. enhanced cooperation). Þar með geta níu ríki hið minnsta notað stofnanir sambandsins til að vinna nánar saman. Þetta er þó háð vissum skilyrðum. Samstarfið verður að vinna að framgangi markmiða ESB og öðrum ríkjum verður að gefast kostur á því að bættast í hópinn ef þau vilja.

Nokkur ríki hafa nýtt þessa leið til að finna sameiginlega lausn vegna skilnaða hjóna frá ólíkum aðildarríkjum ESB. Þessi leið hefur einnig verið notuð til að koma á samræmdu einkaleyfakerfi sem tekur til flestra - en ekki allra - aðildarríkja ESB.

Evruhópurinn

Öll aðildarríki ESB taka þátt í efnahags- og myntbandalaginu. Það þýðir að þau samhæfa stefnumótun sína í efnahagsmálum og fara með ákvarðanir í þeim málum sem sameiginlegt hagsmunamál allra. Það hafa þó ekki öll ríkin gengið til liðs við hóp evruríkja með upptöku hins sameiginlega gjaldmiðils - evrunnar. Sum ríki hafa kosið að taka ekki upp evruna að svo stöddu á meðan enn önnur undirbúa hagkerfi sín til að mæta skilyrðum aðildar að evrusvæðinu. Evruríkin þurfa að starfa mjög náið saman og þau eiga öll að fylgja peningamálastefnu sem sett er af Seðlabanka Evrópu. Evruríkin þurfa því að hafa vettvang þar sem þau geta rætt saman og ákveðið stefnumál evrusvæðisins. Ráðið um efnahags- og fjármál getur ekki verið sá vettvangur því þar sitja öll aðildarríki ESB.

Lausnin er fólgin í evruhópnum (e. Eurogroup) sem í sitja efnahags- og fjármálaráðherrar evrusvæðisins.



© EU



© EU

Við endurbætur í bankakerfinu er stuðst við nýjar reglur ESB um efnahagsmál og fjármálastjórn.

Verkefni evruhópsins er að stuðla að hagvexti og fjárhagslegum stöðugleika innan evrusvæðisins með samræmdri stefnu í efnahagsmálum. Þar sem ráðið um efnahags- og fjármál – Ecofin – hefur eitt heimild til að taka ákvarðanir þá hittist evruhópurinn óformlega daginn fyrir fund ráðsins, að jafnaði einu sinni í mánuði. Niðurstöður hins óformlega fundar eru svo samþykktar formlega af evruríkjunum á fundi ráðsins um efnahags- og fjármál. Ráðherrar frá evruríkjunum geta einir greitt atkvæði um málefni evruhópsins. Framkvæmdastjóri efnahags- og peningamála og forseti Seðlabanka Evrópu sækja einnig fundi evruhópsins.

Forseti evruhópsins er kosinn af meðlimum hópsins til tveggja og hálfis árs. Aðalskrifstofa ráðherraráðsins veitir fundum hópsins stjórnsýslulegan stuðning.

Sameiginleg utanríkis- og öryggismálastefna

Evrópusambandið vinnur ötullega að mótun sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu (e. Common Foreign and Security Policy, CFSP) sem lýtur öðrum lögmálum en flest stefnumál sambandsins. Stefnan er mótuð og framkvæmd af leiðtogaráðinu og ráðherraráðinu sameiginlega. Markmið ESB á alþjóðavettvangi er að vinna að framgangi lýðræðis, réttarríkis, mannréttinda og frelsis og auka virðingu fyrir mannlegri reisn, jafnrétti og samstöðu. Til að ná þessum markmiðum á Evrópusambandið í samstarfi við ríki og alþjóðastofnanir um allan heim.

Ábyrgð á sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnunni er deilt þannig:

- ▶ Leiðtogaráðið, undir forystu forseta þess, mótar heildarstefnuna að gefnum öryggishagsmunum ESB, að varnarmálum meðtöldum.
- ▶ Ráðherraráðið, sérstaklega ráðið um utanríkismál, tekur því næst ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til að móta nánar og framkvæma utanríkis- og öryggismálastefnuna, með vísan í stefnumótun leiðtogaráðsins. Æðsti talsmaður utanríkis- og öryggismálastefnunnar stýrir fundum ráðsins um utanríkismál.
- ▶ Stefnunni er svo komið í framkvæmd af æðsta talsmanni utanríkis- og öryggismálastefnunnar og aðildarríkjunum í sameiningu. Þess er gætt að framkvæmdin sé samræmd og skilvirk og getur æðsti talsmaðurinn notið til þess stuðnings frá ESB og aðildarríkjunum.



© EU

Samstarf lögregluyfirvalda í aðildarríkjunum er nauðsynlegt í baráttunni gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi.

Utanríkisþjónusta ESB (e. European External Action Service, EEAS) starfar sem utanríkisráðuneyti Evrópusambandsins undir stjórn æðsta talsmanns utanríkis- og öryggismálastefnunnar. Þar starfa sérfræðingar frá ráðherraráðinu, aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni. Evrópusambandið rekur sendinefndir undir stjórn utanríkisþjónustunnar í flestum ríkjum heimsins. Sendinefndirnar starfa að utanríkis- og öryggismálum í samstarfi við sendiráð aðildarríkja ESB.

Mikilvæg mál sem snerta utanríkis- og öryggismálastefnuna eru sett á dagskrá ráðherraráðsins af aðildarríkjunum eða æðsta talsmanni utanríkis- og öryggismála, jafnvel í samstarfi við framkvæmdastjórnina. Hægt er að taka ákvarðanir með stuttum fyrirvara þar sem stundum er um mjög brýn mál að ræða. Almennu eru ákvarðanir um utanríkis- og öryggismál teknar með samhljóða samþykki allra aðildarríkjana.

Æðsti talsmaður utanríkis- og öryggismála er í forsvari fyrir sameiginlegri stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum á alþjóðavettvangi. Hann tekur þátt í viðræðum við önnur ríki og samstarfsaðila og mælir fyrir afstöðu ESB hjá alþjóðastofnunum og á fundum. Forseti leiðtogaráðsins er aftur á móti fulltrúi ESB á fundum þjóðarleiðtoga.

Öryggis- og varnarmál falla undir sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnuna og þar vinnur

Evrópusambandið að mótun sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu (e. Common Security and Defence Policy, CSDP). Sú stefna á að auðvelda aðildarríkjunum að takast á hendur verkefni á sviði bæði borgaralegrar eða hernaðarlegrar áhættustjórnunar, þ.e. mannúðar-, friðar- og friðargæsluáðgerðir. Aðildarríkin bjóða sjálfviljug fram sveitir sínar til slíkra verkefna ESB. Áðgerðirnar eru samræmdar með Atlantshafsbandalaginu og er stundum stuðst við stjórnkerfi þess til að auðvelda framkvæmd verkefna ESB. Þessu starfi er stýrt af nokkrum undirstofnunum ESB:

- **Stjórnsmála- og öryggisnefnd ESB** (e. Political and Security Committee, PSC) hefur eftirlit með stjórnsmálaástandi víða um heim og metur kosti ESB til að bregðast við hættuástandi á erlendri grundu.
- **Hermálanefnd ESB** (e. European Union Military Committee, EUMC) er skipuð yfirmönnum varnarmála í öllum aðildarríkjunum. Nefndin stýrir hernaðaraðgerðum á vegum ESB og veitir ráðgjöf um hernaðarmál.
- **Hermálastarfslið ESB** (e. European Union Military Staff, EUMS) er mannað hernaðarsérfræðingum sem starfa í höfuðstöðvum hermála í Brussel. Hlutverk þeirra er að styðja við starf hermálanefndarinnar.

Framkvæmdastjórnin

Í þágu sameiginlegra hagsmuna

Hlutverk: Að vera framkvæmdavald Evrópusambandsins og leggur fram frumvörp til nýrra laga, hefur eftirlit með samþykktum og er fulltrúi ESB á alþjóðavettvangi

Meðlimir: Einn framkvæmdastjóri frá hverju aðildarríki

Aðsetur: Brussel

► ec.europa.eu

Framkvæmdastjórnin (e. European Commission) er óháð ríkisstjórnun aðildarríkjanna og skal hafa heildarhagsmunum ESB að leiðarljósi. Á mörgum sviðum er hún helsti drifkraftur Evrópusambandsins. Hún leggur fram tillögur að nýjum lögum, stefnumálum og aðgerðaáætlunum og er jafnframt ábyrg fyrir framkvæmd ákvarðana Evrópupingsins og ráðherraráðsins. Framkvæmdastjórnin er fulltrúi Evrópusambandsins á alþjóðavettvangi í öllum málum nema utanríkis- og öryggismálum.

Hvað er framkvæmdastjórnin?

Orðið „framkvæmdastjórn“ hefur tvíþætta merkingu. Annars vegar vísar það til framkvæmdastjóranna sjálfra, sem skipaðir eru af aðildarríkjunum og Evrópupinginu til að stýra stofnuninni og taka ákvarðanir. Hins vegar vísar „framkvæmdastjórnin“ til stofnunarinnar sjálfrar og starfsfólks hennar.

Framkvæmdastjórnir eru allir með reynslu af stjórnsmálum og margir hafa jafnvel verið ráðherrar í ríkisstjórn. Þegar þeir taka sæti í framkvæmdastjórninni eru þeir hins vegar skuldbundnir til að starfa í þágu heildarhagsmuna Evrópusambandsins og mega ekki taka við fyrirmælum frá ríkisstjórnun aðildarríkjanna.

Í framkvæmdastjórninni eru nokkrir varaforsetar. Einn þeirra er æðsti talsmaður utanríkis- og öryggismálastefnunnar og hefur hann fyrir vikið ítök í bæði framkvæmdastjórninni og ráðherraráðinu.

Framkvæmdastjórnin ber pólitíska ábyrgð gagnvart Evrópupinginu sem með vantrauststillögu getur krafist afsagnar framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin er viðstödd fundi Evrópupingsins þar sem hún skýrir og rökstyður tillögur sínar. Framkvæmdastjórnin svarar einnig með reglulegum hætti skriflegum og munnlegum fyrirspurnum frá þingmönnum.



José Manuel Barroso stýrir framkvæmdavaldi ESB sem forseti framkvæmdastjórnarinnar.

© EU

Skipun framkvæmdastjórnarinnar

Ný framkvæmdastjórn er tilnefnd fimmta hvert ár, í síðasta lagi sex mánuðum eftir kosningar til Evrópupingsins. Tilnefningin fer fram á eftirfarandi hátt:

- Ríkisstjórnir aðildarríkjanna leggja fram tillögu um nýjan forseta framkvæmdastjórnarinnar og verður viðkomandi að hljóta kosningu á Evrópupinginu.
- Sá eða sú sem tilnefnd er í stöðu forseta framkvæmdastjórnarinnar velur aðra framkvæmdastjóra í samráði við ríkisstjórnir aðildarríkjanna.

Hið nýja þing tekur því næst viðtöl við alla tilnefnda framkvæmdastjóra og veitir umsögn um framkvæmdastjórnina í heild sinni. Ef þingið samþykkir framkvæmdastjórnina getur hún hafið störf í byrjun næsta árs.

Dagleg starfsemi framkvæmdastjórnarinnar er í höndum yfirmanna, sérfræðinga, þýðenda, túlka og ritara. Starfsfólk framkvæmdastjórnarinnar - og annarra stofnana ESB - er ráðið í gegnum Ráðningaskrifstofu Evrópusambandsins (e. European Personnel Selection Office, EPSO, europa.eu/epso). Starfsfólkið kemur frá öllum aðildarríkjum ESB og er það valið á grundvelli hæfnisprófa. Um 33 þúsund manns starfa hjá framkvæmdastjórninni. Þetta kann að virðast mikill fjöldi en í raun er þetta færri starfsfólk en hjá meðalstóru evrópsku sveitarfélagi.

Hvað gerir framkvæmdastjórnin?

Framkvæmdastjórnin hefur fjögur meginhlutverk:

4. Hún leggur fram frumvörp (e. proposal) til laga til Evrópuþingsins og ráðherraráðsins.
5. Hún hefur umsjón með og framkvæmir stefnu ESB ásamt því að hafa umsjón með fjárlögum sambandsins.
6. Hún fylgir eftir löggjöf ESB (ásamt Evrópudómstólum).
7. Hún er fulltrúi ESB á alþjóðavettvangi.

1. TILLÖGUR AÐ NÝRRI LÖGGJÖF

Framkvæmdastjórnin hefur frumkvæðisrétt (e. right of initiative) að nýrri löggjöf samkvæmt sáttmálanum um Evrópusambandið. Með öðrum orðum hefur framkvæmdastjórnin ein rétt til að leggja frumvörp fyrir Evrópuþingið og ráðherraráðið. Þessi frumvörp eiga að hafa að leiðarljósi heildarhagsmuni ESB og íbúa þess en ekki sérhagsmuni tiltekinna ríkja eða hópa.


Áður en framkvæmdastjórnin leggur fram frumvarp þarf hún að kanna vandlega ríkjandi aðstæður og möguleg vandamál innan Evrópu og meta hvort löggjöf ESB sé besta leiðin til að mæta þeim. Því er framkvæmdastjórnin í stöðugu sambandi við mikinn fjölda hagsmunaaðila og tvær ráðgefandi stofnanir ESB; efnahags- og félagsmálanefndina (sem í sitja fulltrúar atvinnurekenda og stéttarfélaga) og svæðanefndina (sem í sitja fulltrúar svæða- og héraðsstjórna). Einnig er haft samráð við þjóðþing, ríkisstjórnir og almenning í aðildarríkjunum.

Framkvæmdastjórnin leggur frumvarp einungis fram ef ekki er talið mögulegt að leysa málið betur með aðgerðum innanlands eða með staðbundnum aðgerðum. Sú grundvallarregla að leysa mál á lægsta mögulega stjórnvaldsstigi er kölluð nálægðarreglan.

Ef það er hins vegar niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar að þörf sé á löggjöf Evrópusambandsins, gerir hún tillögu að löggjöf sem ætlað er að leysa vandann út frá hagsmunum sem flestra. Framkvæmdastjórnin ráðfærir sig við nefndir og sérfræðingahópa til að tryggja að tæknileg úrvinnsla frumvarpsins sé sem réttust.

2. FRAMKVÆMD STEFNU ESB OG FJÁRLÖG

Sem framkvæmdavald ESB ber framkvæmdastjórnin ábyrgð á meðferð og ráðstöfun fjárlaga ESB og framkvæmd stefnumála sambandsins sem samþykkt eru af Evrópuþinginu og ráðherraráðinu. Stærstum hluta fjárlaga er ráðstafað af ríkis- og sveitarstjórnunum í aðildarríkjunum, þar sem mesta vinnan fer fram, en framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á að fylgjast með ráðstöfun fjársins. Þetta gerir hún undir nánu eftirliti Endurskoðunarréttar ESB (e. Court of Auditors) en báðum stofnunum ber að tryggja ábyrga meðferð fjármuna. Það er einungis eftir að ársskýrsla Endurskoðunarréttarins hefur verið yfirfarin og samþykkt sem Evrópuþingið heimilar framkvæmdastjórninni ráðstöfun fjárlaga.



© EU

Nýsköpun og rannsóknir skapa störf og vöxt í Evrópu.

Evrópskar rannsóknir eflar

Stefnumótun framkvæmdastjórnarinnar á sviði rannsókna og tækniþróunar fer fram á stjórnarskrifstofu um rannsóknir (e. Directorate-General for Research & Innovation) og eykur sú vinna alþjóðlega samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar. Tugum milljarða evra er veitt í þverfaglegt rannsóknasamstarf í Evrópu með rammaáætlun framkvæmdastjórnarinnar um rannsóknir og tækniþróun (e. Research and Technological Development Framework Programme) sem greiðir fyrir uppbyggingu rannsókna þvert á landamæri um alla álfuna.

3. FRAMKVÆMD ESB-LÖGGJAFAR

Framkvæmdastjórnin er **vörður sáttmála ESB** (e. guardian of the treaties), þ.e. framkvæmdastjórnin, ásamt Evrópudómstólnum, á að tryggja að lögum ESB sé framfylgt með réttum hætti í öllum aðildarríkjunum. Ef framkvæmdastjórnin telur að aðildarríki fari ekki að lögum ESB grípur hún til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta.

Fyrst setur framkvæmdastjórnin af stað svokallaða málsmeðferð vegna brots (e. infringement procedure). Þá er ríkisstjórn viðkomandi ríkis sent formlegt erindi með röksemdafærslu fyrir því hvers vegna talið sé að brotið hafi verið í bága við lög ESB. Yfirvöld fá frest til að skila framkvæmdastjórninni ítarlegu svari. Ef þetta dugir ekki til að leysa málið getur framkvæmdastjórnin sent það til Evrópudómstólsins sem getur samþykkt viðurlög. Ákvarðanir Evrópudómstólsins eru bindandi fyrir bæði aðildarríki og stofnanir ESB.

4. FULLTRÚI ESB Á ALPJÓÐAVETTANGI

Æðsti talsmaður utanríkis- og öryggismálastefnu ESB (e. High Representative for Foreign Affairs and Security Policy) er jafnframt varaforseti framkvæmdastjórnarinnar með ábyrgð á utanríkismálum. Hann starfar með ráðherraráðinu að málum sem snerta utanríkis- og öryggismál en í öðrum málum, sérstaklega sem snerta viðskiptastefnu og

mannúðaraðstoð, er starfið leitt af framkvæmdastjórninni. Í þeim málaflokkum er framkvæmdastjórnin mikilvægur talsmaður Evrópusambandsins á alþjóðavettvangi. Þannig geta aðildarríkin 27 talað einni röddu á alþjóðlegum fundum, s.s. hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Hjálparhönd til fólks í neyð

Skrifstofa framkvæmdastjórnarinnar um mannúðaraðstoð og almannavarnir (e. Humanitarian Aid and Civil Protection, ECHO) var sett á laggirnar árið 1992. Mannúðarmál eru nú grundvallarþáttur í utanríkisstarfi Evrópusambandsins enda stendur ESB fremst allra í þessum málum á alþjóðavettvangi.

Um 150 milljónir manna njóta mannúðaraðstoðar ESB á hverju ári. Aðstoðinni er hrint í framkvæmd með aðstoð 200 samstarfsaðila, s.s. líknarfélaga og stofnana Sameinuðu þjóðanna. Mannúðaraðstoðin er veitt á grundvelli reglna um óhlutdrægni og aðstoð án mismununar.



Catherine Ashton er æðsti talsmaður stefnu Evrópusambandsins í utanríkis- og öryggismálum.

Hvernig starfar framkvæmdastjórnin?

Forseti framkvæmdastjórnarinnar ákveður hvaða málaflokka hver framkvæmdastjóri fær til umsýslu og getur forsetinn hliðrað verkefnum til ef nauðsyn þykir á starfstímabili framkvæmdastjórnarinnar. Forsetinn getur jafnframt krafist afsagnar framkvæmdastjóra. Allir framkvæmdastjórnarnir 27 (hópur sem kallast the College á ensku) hittast vikulega á fundi í Brussel, yfirleitt á miðvikudögum. Framkvæmdastjórnarnir kynna þau mál sem þeir hafa sett á dagskrá fundarins og eru þau afgreidd með sameiginlegri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

Starfsfólk framkvæmdastjórnarinnar starfar í deildum sem nefnast stjórnarskrifstofur (e. Directorate General, DG) og þjónustudeildir, t.d. lögfræðipjónusta (e. Legal Service). Hver stjórnarskrifstofa ber ábyrgð á tilteknum málaflokki og er stjórnað af yfirmanni (e. Director General) sem ber ábyrgð gagnvart sínum framkvæmdastjóra.

Hagstofa Evrópusambandsins safnar hagtölum Evrópu

Hagstofa ESB (e. Eurostat) er hluti af framkvæmdastjórninni. Hlutverk hennar er að gera evrópskar hagtölur aðgengilegar svo hægt sé að gera samanburð á milli ríkja og svæða. Þetta er mikilvægt hlutverk enda eru áreiðanlegar og hlutlægar hagtölur grunnstoð allra lýðræðisríkja.

Hagtölur Hagstofu ESB veita svör við mörgum spurningum: Eykst atvinnuleysi eða minnkar það? Hefur útblástur CO₂ aukist á síðustu 10 árum? Hversu margar konur eru á vinnumarkaði? Hver er staða efnahagslífs eins aðildarríkis í samanburði við hin ríkin?

► epp.eurostat.ec.europa.eu

Stjórnarskrifstofurnar undirbúa og semja lagafrumvörp framkvæmdastjórnarinnar. Frumvarp öðlast ekki formlegt gildi fyrr en framkvæmdastjórnin samþykkir það á vikulegum fundi sínum. Tökum eftirfarandi dæmi til skýringar:

Gerum ráð fyrir að framkvæmdastjórnin telji vera þörf fyrir nýja löggjöf til að koma í veg fyrir mengun fljóta. Stjórnarskrifstofan fyrir umhverfismál undirbýr þá lagafrumvarp sem byggir á athugunum þar sem haft er viðtækt samráð við evrópskan iðnað og bændur, umhverfisráðuneyti aðildarríkjanna og umhverfissamtök. Oft er almenningi einnig boðið að segja álit sitt á tillögunum og geta einstaklingar þá komið skoðunum sínum á framfæri, í eigin nafni eða fyrir hönd félagasamtaka.

Samráð er haft við aðrar stjórnarskrifstofur, breytingar gerðar eftir þörfum og farið er yfir drögin af lögfræðipjónustu framkvæmdastjórnarinnar.

Þegar lagafrumvarpið er tilbúið er það sett á dagskrá næsta fundar framkvæmdastjórnarinnar. Á þeim fundi mun framkvæmdastjóri umhverfismála útskýra tillöguna og tildrög hennar og þvínæst er hún tekin til umræðu. Ef samkomulag næst eru frumvarpsdrögin samþykkt af framkvæmdastjórninni sem sendir ráðherraráðinu og Evrópuþinginu frumvarpið til umfjöllunar.

Ef ósætti er innan framkvæmdastjórnarinnar um tillöguna getur forsetinn farið fram á atkvæðagreiðslu. Ef einfaldur meirihluti framkvæmdastjórnarinnar styður frumvarpið er það samþykkt í nafni framkvæmdastjórnarinnar sem heildar.

Þjóðþingin

Nálægðarreglan í framkvæmd

Hlutverk: Þátttaka í verkefnum Evrópusambandsins með öðrum stofnunum ESB

Meðlimir: Þingmenn á þjóðþingum aðildarríkjanna

Aðsetur: Öll aðildarríkin

Stofnanir ESB hvetja þjóðþing aðildarríkjanna til að taka sífellt meiri þátt í verkefnum Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórnin hefur sent þjóðþingum öll frumvörp til nýrra laga frá árinu 2006 og hefur svarað ábendingum þinganna. Réttindi og skyldur þjóðþinga ESB eru settar skýrt fram í Lissabonsáttmálanum frá 2009. Þjóðþingin eru nú í betri stöðu til að koma á framfæri skoðunum sínum um lagafrumvörp og önnur mál sem skipta þau máli.

Helstu nýmælin felast í valdinu til að framfylgja **nálægðarreglunni** (e. subsidiarity principle), sem hefur áhrif á verkefni ESB. Samkvæmt þessari reglu grípur ESB einungis til aðgerða þegar sýnt þykir að framkvæmdin verði skilvirkari á vettvangi ESB en innan aðildarríkjanna. Þetta er reyndin í þeim málaflokkum þar sem ESB hefur óskiptar valdheimildir samkvæmt sáttmálunum en að öðru leyti er um matsatriði að ræða við hverja nýja lagasetningu. Þjóðþingin hafa eftirlit með réttri beitingu nálægðarreglunnar í ákvarðanatöku Evrópusambandsins.

Til að auðvelda þeim eftirlitshlutverkið sendir framkvæmdastjórnin þjóðþingunum ný lagafrumvörp til umsagnar á sama tíma og þau eru send til ráðherraráðsins og Evrópuþingsins.

Sérhvert þjóðþing hefur rétt til að senda **rökstutt álit** (e. reasoned opinion) ef það telur að með tillögunni sé nálægðarreglunni ekki fylgt. Það fer eftir fjölda álita hvort framkvæmdastjórnin þarf að endurskoða tillöguna og ákveða hvort á að halda henni óbreyttri, grípa til breytinga eða draga hana alfarið til baka. Þetta ferli er kallað gula og appelsínugula spjalðið. Ef meirihluti þjóðþinga sendir rökstutt álit þegar farið er eftir almennu lagasetningaraðferðinni og framkvæmdastjórnin ákveður að halda frumvarpinu til streitu, þarf hún að útskýra ástæður sínar fyrir því. Evrópuþingið og ráðherraráðið ákveða því næst hvort halda eigi lagasetningarferlinu áfram.

Þjóðþingin taka einnig beinan þátt í framkvæmd löggjafar ESB. Tilmælum ESB er beint til stjórnvalda aðildarríkjanna sem þurfa að innleiða þau í landslög. Í tilmælunum eru sett fram ákveðin markmið sem aðildarríkin þurfa að uppfylla innan ákveðinna tímamarka. Stjórnvöld aðildarríkjanna þurfa að sjá til þess að aðlaga landslög að þessum markmiðum en þeim er í sjálfsvald sett hvernig það er gert. Tilmælum er beitt til að tryggja samræmingu ólíkrar lagasetningar í aðildarríkjunum og er það t.d. algengt í málum sem tengjast innri markaðnum (t.d. vegna staðla um vöruöryggi).

Evrópudómstóllinn

Lögum ESB fylgt eftir

Hlutverk: Að kveða upp dóma í málum sem lögð eru fyrir hann

Dómstóllinn: Einn dómari frá hverju aðildarríki, átta aðallögmenn

Almenni dómstóllinn: Einn dómari frá hverju aðildarríki

Starfsmannadómstóll: Sjö dómarar

Aðsetur: Lúxemborg

► curia.europa.eu

Evrópudómstóllinn (e. The Court of Justice of the European Union) tryggir að löggjöf ESB sé túlkuð og beitt á sama hátt í öllum aðildarríkjunum, þ.e. að sama gangi yfir alla, óháð aðstæðum. Dómstóllinn rækir þessar skyldur með því að fylgjast með lögmæti aðgerða stofnana ESB, tryggja að aðildarríkin uppfylli skyldur sínar og túlka löggjöf ESB að beiðni dómstóla í aðildarríkjunum.

Dómstóllinn getur úrskurðað í ágreiningsmálum milli aðildarríkja, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga innan ESB. Starfsemi dómstólsins er skipt í tvennt til að hann anní þeim tugum þúsunda mála sem berast til úrlausnar. Annars vegar er það dómstóllinn (e. Court of Justice) sem veitir dómstólum aðildarríkjanna ráðgefandi álit og annast ógildingar og áfrýjanir. Hins vegar er það almenni dómstóllinn (e. General Court) sem fellir dóma í málum sem lögð eru fram af einstaklingum, fyrirtækjum og stundum einnig af aðildarríkjunum.

Starfsmannadómstóllinn (e. Civil Service Tribunal) er sérstakur dómstóll sem fellir dóma í ágreiningsmálum milli stofnana ESB og starfsmanna þeirra.

Hvað gerir dómstóllinn?

Dómstóllinn fellir dóma í málum sem lögð eru fyrir hann. Fjórar algengustu tegundir málanna eru útlistaðar hér fyrir neðan.

1. RÁÐGEFANDI ÁLIT

Dómstólar hvers aðildarríkis eiga að sjá til þess að lögum ESB sé framfylgt í viðkomandi ríki. Þegar innlendur dómstóll er í vafa um hvernig túlka beri tiltekin lög ESB getur hann spurt Evrópudómstóllinn álits og verður í sumum tilfellum að gera það. Þeirri fyrirspurn er svarað með áliti (e. preliminary ruling) sem er bindandi. Þannig geta borgarar aðildarríkjanna fengið úrskurðað um áhrif löggjafar ESB fyrir eigin dómstólum.



Höfuðstöðvar Evrópudómstólsins í Lúxemborg.

2. KÆRUR VEGNA BROTA Á ESB LÖGUM

Framkvæmdastjórnin getur höfðað mál ef hún telur að aðildarríki uppfylli ekki skyldur sínar með tilliti til laga ESB. Í einstaka tilfellum geta aðildarríki einnig lagt fram slíka kæru. Í slíkum tilvikum rannsakar Evrópudómstóllinn allar aðstæður og kveður síðan upp úrskurð. Ef sekt er sönnuð verður aðildarríkið að hlýta úrskurðinum tafarlaust, annars getur Evrópudómstóllinn krafist sekta.

3. ÓGILDINGARKÆRUR

Ef eitt aðildarríkjanna, ráðherraráðið, framkvæmdastjórnin eða (með vissum skilyrðum) Evrópuþingið telur að tiltekin ESB lög séu ekki lengur í gildi geta þau farið fram á það við dómstólinn að hann ógildi viðkomandi lög. Einstaklingar geta einnig lagt fram slíkar ógildingarkærur (e. proceedings for annulment) ef þeir óska þess að dómstóllinn ógildi tiltekin lög sem varða þá beint.

4. VANRÆKSLUKÆRUR

Við ákveðnar aðstæður er Evrópuþinginu, ráðherraráðinu og framkvæmdastjórninni skylt, samkvæmt sáttmálum ESB, að úrskurða í vissum málum. Ef þau gera það ekki geta aðildarríkin, aðrar stofnanir ESB, og (með vissum skilyrðum) einstaklingar eða fyrirtæki lagt kæru fyrir dómstólinn til að fá viðkomandi vanrækslu staðfesta opinberlega.

Hvernig starfar Evrópudómstóllinn?

Dómstóllinn (e. Court of Justice) er skipaður 27 dómurum, einum frá hverju aðildarríki, svo réttarkerfi allra aðildarríkjanna á fulltrúa í réttinum. Dómstólnum til aðstoðar eru átta aðallögmenn (e. Advocates General) sem leggja fram rökstudd álit í þeim málum sem koma fyrir dómstólinn. Það skal gert opinberlega og á hlutlausan hátt. Hlutlægni dómara og aðallögmannna er óumdeild. Þeir þurfa að uppfylla skilyrði sem sett eru fyrir æðstu dómaraembætti í heimalöndum sínum. Þeir eru skipaðir af stjórnvöldum í aðildarríkjunum til sex ára. Dómararnir velja sér forseta til þriggja ára. Samsetning dómstólsins getur verið

breytileg, allt frá fullskipuðum dómi; 13 dómurum (e. Grand Chamber), fimm eða þremur dómurum, allt eftir eðli og mikilvægi málsins sem um ræðir. Dómstóll skipaður fimm dómurum hlýðir á nær 60% allra mála og um 25% málanna fara fyrir þrjá dómara.

Almennir dómstóllinn (e. General Court) er einnig skipaður 27 dómurum sem skipaðir eru af aðildarríkjunum til sex ára. Dómarar almenna dómstólsins velja sér einnig forseta til þriggja ára. Fimm eða þrír dómarar (og í sumum tilfellum aðeins einn dómari) hlýða á mál sem flutt eru fyrir réttinum. Um 80% allra mála eru flutt fyrir þremur dómurum. Ef mál eru mjög flókin eða mikilvæg getur rétturinn verið skipaður 13 eða 27 dómurum.

Mál eru fyrst send skráningarstofu dómstólsins þar sem skipaðir eru dómari og aðallögmaður. Málsmeðferðin skiptist í tvo hluta, skriflega og munnlega. Á fyrra stiginu senda allir hlutaðeigandi aðilar inn skriflegar greinargerðir. Dómarinn undirbýr skýrslu þar sem dregnar eru saman allar greinargerðir og lagalegur bakgrunnur málsins kynntur. Ákvörðun er því næst tekin um hvort málið krefjist munnlegs málflutnings og hversu margir dómarar skipi dóminn. Þá er komið að seinna stiginu, hinum opinberu réttarhöldum, þar sem lögmenn aðilanna leggja mál sín fyrir dómara og aðallögmann og svara spurningum þeirra. Aðallögmaður málsins veitir síðan sitt álit og á því byggir dómarinn drög að úrskurði sem ræddur er meðal allra dómara. Ákvarðanir dómstólsins grundvallast á vilja meirihluta dómara og eru þær tilkynntar á opnum fundum. Hugsanlegur ágreiningur milli dómara er ekki gerður opinber þannig að dómstóllinn stendur ávallt einróma að endanlegri niðurstöðu. Dómarnir eru oftast birtir opinberlega á öllum opinberum tungumálum ESB sama dag og þeir eru kveðnir upp.

Ekki fá öll mál þessa málsmeðferð. Ef málið er mjög brýnt er hægt að einfalda og hraða málaferlum og gera dómstólnum kleift að skera úr um málið á um þremur mánuðum.

Seðlabanki Evrópu

Verðstöðugleiki tryggður

Hlutverk: Stýring evrunnar og peningamálastefnu á evrusvæðinu

Meðlimir: Seðlabankar aðildarríkja á evrusvæðinu

Aðsetur: Frankfurt, Þýskalandi

► **ecb.europa.eu**

Mario Draghi hefur verið forseti Seðlabanka Evrópu frá 2011.



© EU

Hlutverk Seðlabanka Evrópu (e. European Central Bank, ECB) er að viðhalda gengisstöðugleika á evrusvæðinu með því að stuðla að lágu og stöðugu verðlagi. Verðstöðugleiki og lág verðbólga eru talin nauðsynleg efnahagsvexti því þau hvetja fyrirtæki til að fjárfesta og fjölga störfum - og auka þannig lífsgæði Evrópubúa. Seðlabanki Evrópu er sjálfstæð stofnun sem tekur ákvarðanir sínar án tillits til álits eða áhrifa stjórnvalda eða annarra stofnana ESB.

Hvað gerir Seðlabanki Evrópu?

Bankinn var settur á laggimar við upphaf evrusamstarfsins árið 1998 til að stýra peningamálastefnu á evrusvæðinu. Forgangsverkefni Seðlabankans er að viðhalda verðstöðugleika, sem skilgreindur er sem verðbólga undir 2% á ári. Seðlabankinn stuðlar jafnframt að aukinni atvinnu og efnahagsvexti í Evrópusambandinu.

Hvernig viðheldur seðlabankinn stöðugu verðlagi?

Seðlabanki Evrópu ákveður stýrivexti fyrir viðskiptabanka sem hefur áhrif á verð og magn peninga í umferð - og þ.a.l. á verðbólguþætti. Til dæmis getur verðbólga vaxið þegar miklir peningar eru í umferð og hækkað verð á matvöru og þjónustu. Seðlabankinn getur brugðist við með því að hækka lántökukostnað bankanna með vaxtahækkun. Magn peninga í umferð minnkar þar með og verð lækkar. Að sama skapi getur Seðlabankinn lækkað vexti til að örva efnahagslífið og hvatt þannig til aukinnar lántöku og fjárfestinga.

Til að sinna lána hlutverki sínu hefur Seðlabanki Evrópu umsjón með gjaldeyrisforða evruríkjanna. Meðal annarra verkefna bankans má nefna gjaldeyrisviðskipti, umbætur á greiðslumiðlunarkerfum innri markaðarins, eftirlit með prentun á peningaseðlum í evruríkjunum og greiningu á hagtölum frá seðlabönkum aðildarríkjanna. Forseti Seðlabankans er fulltrúi bankans á háttsettum fundum ESB og á alþjóðavettvangi.

Hvernig starfar Seðlabanki Evrópu?

Seðlabanki Evrópu er stofnun á vegum efnahags- og myntbandalags ESB sem öll aðildarríki ESB eru aðilar að. Aðild að evrusvæðinu og upptaka evrunnar eru lokaskrefin innan efnahags- og myntbandalagsins. Það eru ekki öll aðildarríki ESB aðilar að evrusvæðinu, sum ríki eru enn að undirbúa hagkerfi sín fyrir aðild og önnur ríki hafa valið að taka ekki upp evru. Seðlabanki Evrópu gegnir lykilhlutverki í seðlabankakerfi Evrópu (e. European System of Central Banks) sem allir seðlabankar aðildarríkja ESB eiga aðild að ásamt Seðlabanka Evrópu. Skipulag yfirstjórnar Seðlabankans ber þessu mikilvæga hlutverki glögg merki:

Aðalráð (e. General Council) seðlabankakerfis Evrópu er samsett af yfirmönnum seðlabanka aðildarríkjanna 27, auk forseta og varaforseta Seðlabanka Evrópu.

Framkvæmdastjórn (e. Executive Board) Seðlabanka Evrópu er skipuð forseta og varaforseta bankans auk fjögurra annara meðlima sem skipaðir eru með auknum meirihluta í leiðtogaráðinu til átta ára.

Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á peningamálastefnu, daglegum rekstri bankans, undirbúningi funda bankaráðs Seðlabankans auk annarra verkefna sem stjórninni er úthlutað af bankaráðinu.


Bankaráð (e. Governing Council) Seðlabanka Evrópu er skipað sex meðlimum framkvæmdastjórnar bankans ásamt seðlabankastjórum evruríkjanna 17. Þessi hópur myndar hið svokallaða evrukerfi (e. Eurosystem). Í bankaráðinu eru helstu ákvarðanir Seðlabankans teknar. Fundir eru haldnir tvisvar í mánuði. Á fyrri fundinum er yfirlitt farið yfir nýjustu þróun í efnahags- og peningamálum og teknar ákvarðanir um peningamálastefnu. Seinni fundinum er varið í umræður um önnur verkefni Seðlabankans.

ESB ríki sem höfðu tekið upp evru árið 2012

AT: Austurríki	ES: Spánn	MT: Malta
BE: Belgía	FI: Finnland	NL: Holland
CY: Kýpur	FR: Frakkland	PT: Portúgal
DE: Þýskaland	IE: Írland	SI: Slóvenía
EE: Eistland	IT: Ítalía	SK: Slóvakía
EL: Grikkland	LU: Lúxemborg	

ESB ríki sem ekki nota evru

BG: Búlgaría	LT: Litháen	SE: Svíþjóð
CZ: Tékkland	LV: Lettland	UK: Bretland
DK: Danmörk	PL: Pólland	
HU: Ungverjaland	RO: Rúmenía	



Stjórn efnahagsmála: Hver gerir hvað?

Efnahags- og myntbandalagið er grunnstoð í samrunaþróun Evrópu og eru öll aðildarríki ESB aðilar að bandalaginu. Ríkisfjármál eru í höndum ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem og atvinnu- og velferðarmál. Til að efnahags- og myntbandalagið virki sem skyldi er engu að síður nauðsynlegt að samræma traust ríkisfjármál og uppbyggingarstefnu. Skyldum er því deilt á milli aðildarríkjanna og stofnana ESB á eftirfarandi hátt:

- ▶ **Leiðtogaráðið** mótar helstu stefnumálin.
- ▶ **Ráðherraráðið** samræmir stefnumótun ESB í efnahagsmálum og tekur ákvarðanir sem geta verið bindandi fyrir aðildarríkin.
- ▶ **Aðildarríki ESB** setja sér fjárlög sem eru innan samþykktra marka um fjárlagahalla og skuldir og setja sér stefnu um atvinnu-, lífeyris- og velferðarmál og viðskiptastefnu.
- ▶ **Evruríkin** samræma stefnumál sem snerta sameiginlega hagsmuni evrusvæðisins á leiðtogafundum evruríkjanna og á fundum fjármálaráðherra í evruhópnum.
- ▶ **Seðlabanki Evrópu** ákveður peningastefnu fyrir evrusvæðið með verðstöðugleika að leiðarljósi.
- ▶ **Framkvæmdastjórnin** hefur eftirlit með aðgerðum aðildarríkjanna og gefur út tilmæli.
- ▶ **Evrópupingið** deilir löggjafarvaldinu með ráðherraráðinu og hefur lýðræðislegt eftirlit með öllu hagstjórnarferlinu.

Endurskoðunarréttur Evrópusambandsins

Bætir fjármálastjórn ESB

Hlutverk: Eftirlit með réttri notkun fjármuna ESB og bættri fjármálastjórn innan ESB

Meðlimir: Einn frá hverju aðildarríki

Aðsetur: Lúxemborg

► eca.europa.eu

Endurskoðunarréttur ESB (e. European Court of Auditors, ECA) er sjálfstæð endurskoðunarstofnun Evrópusambandsins. Hann hefur eftirlit með því að tekjur ESB skili sér, að útgjöld sambandsins séu í samræmi við lög og reglur, og að fjármálastjórn sé traust. Endurskoðunarrétturinn er óháður öðrum stofnunum ESB og ríkisstjórnunum aðildarríkjanna og bætir þannig enn frekar stjórnun sjóða Evrópusambandsins með hagsmuni almennings að leiðarljósi.

Hvað gerir Endurskoðunarrétturinn?

Meginhlutverk Endurskoðunarréttarins er að fylgjast með því að fjárlögum ESB sé fylgt, þ.e. að tekjur og útgjöld séu í samræmi við lög og reglur og að fjármálastjórn sé traust. Þetta er mikilvægt framlag til að tryggja að Evrópusambandinu sé stjórnað á skilvirkan og hagkvæman hátt. Endurskoðunarrétturinn rækir hlutverk sitt með ítarlegri endurskoðun á öllum stjórnsýslusviðum á tekjum og útgjöldum ESB. Hann fer í eftirlitsheimsóknir til stofnana sem stýra sjóðum ESB og aðila sem þiggja fjármuni frá ESB, bæði í

aðildarríkjum og öðrum ríkjum. Niðurstöður réttarins eru gefnar út í ársskýrslum og sérstökum skýrslum þar sem athygli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna er vakin á villum og mistökum sem uppvíst verður um og tillögur gerðar um úrbætur.

Annað mikilvægt hlutverk Endurskoðunarréttarins er að veita þeim sem samþykkja fjárlögin, þ.e. Evrópuþinginu og ráðherraráðinu, aðstoð við fjárlagagerðina með árlegri skýrslu um framkvæmd fjárlaga liðins árs. Niðurstöður réttarins í þessari skýrslu skipta miklu máli fyrir ákvarðanir þingsins um fjárheimildir framkvæmdastjórnarinnar.

Í kjölfar beiðni frá öðrum stofnunum ESB getur Endurskoðunarrétturinn gefið út álit á nýjum eða uppfærðum reglugerðum ESB sem hafa kostnað í för með sér. Hann getur jafnframt gefið út álitsgerðir (e. position papers) um önnur málefni að eigin frumkvæði.



Eyrunamerkingar á kúm hjálpa endurskoðendum ESB að sjá í hvað fjármunum frá ESB hefur verið varið.

Hvernig starfar Endurskoðunarrétturinn?

Endurskoðunarrétturinn er skipaður 27 meðlimum, einum frá hverju aðildarríki, sem tala einum rómi. Meðlimir réttarins eru skipaðir af ráðherraráðinu, að höfðu samráði við Evrópuþingið, til sex ára og er hægt að endurnýja starfstímabil þeirra. Endurskoðendurnir eru valdir á grundvelli hæfni og óhlutdrægni og eru þeir í fullu starfi við réttinn. Þeir velja einn úr hópnum til að gegna stöðu forseta réttarins til þriggja ára í senn.

Líkt og aðrar háttsettar endurskoðunarstofnanir verður Endurskoðunarrétturinn að vera óháður þeim stofnunum og undirstofnunum sem hann hefur eftirlit með til að geta gegnt skyldum sínum á skilvirkan hátt. Rétturinn er sjálfráða um val á málum sem tekin eru til skoðunar, umfangi og nálgun rannsóknarinnar, tímasetningu og umgjörð kynningar á niðurstöðum, sem og hversu opinberar skýrslur hans og álit eru. Þetta eru mikilvægir þættir í sjálfstæði réttarins.

Endurskoðunarréttur ESB skiptist í nokkrar deildir sem undirbúa skýrslur og álit sem rétturinn tekur til

meðferðar. Starfsemi deildanna er rekin af sérfræðingum frá öllum aðildarríkjunum. Rétturinn endurskoðar oft starfsemi annarra stofnana ESB, bæði í aðildarríkjunum og í ríkjum sem þiggja fjárframlög frá Evrópusambandinu. Endurskoðunarrétturinn starfar einnig náið með ríkisendurskoðunum aðildarríkjanna, enda er um 80% af útgjöldum ESB deilt með stjórnvöldum aðildarríkjanna, þó svo að framkvæmdastjórnin beri endanlega ábyrgð á framkvæmd fjárlaga ESB.

Endurskoðunarrétturinn hefur ekki dómsvald en hann kemur ábendingum um óreglu, veikleika og möguleg fjársvik á framfæri við þær stofnanir ESB sem ber skylda að bregðast við, þ.m.t. Evrópuskrifstofuna um aðgerðir gegn svikum (e. European Anti-Fraud Office, OLAF). Frá stofnun réttarins árið 1977 hefur hann gegnt mikilvægu hlutverki í fjármálastjórn Evrópusambandsins með hlutlægum skýrslum og álitum. Þannig hefur Endurskoðunarrétturinn uppfyllt hlutverk sitt sem óháður varðmaður fjárhagslegra hagsmuna almennings innan ESB.

Efnahags- og félagsmálanefnd Evrópu

Rödd frjálsra félagasamtaka

Hlutverk: Að vera í forsvari fyrir frjáls félagasamtök

Meðlimir: 344 frá öllum aðildarríkjum ESB

Aðsetur: Brussel

► eesc.europa.eu

Efnahags- og félagsmálanefnd Evrópu (e. European Economic and Social Committee, EESC) er ráðgefandi nefnd á vegum Evrópusambandsins. Meðlimir nefndarinnar eru fulltrúar samtaka atvinnurekenda, launþega og frjálsra félagasamtaka, einkum þeirra sem vinna að félags- og efnahagsmálum, borgaralegum réttindum, atvinnuréttindum og menningu. Nefndin gætir almannahagsmuna og sinnir þeirri skyldu með álitum sem hún vinnur fyrir framkvæmdastjórnina, ráðherraráðið og Evrópuþingið.

Nefndarmenn lúta ekki fyrirmælum frá öðrum og starfa í þágu heildarhagsmuna sambandsins. Efnahags- og félagsmálanefndin er þannig eins og brú á milli stofnana ESB og borgaranna og stuðlar að aukinni þátttöku, samvinnu og lýðræðislegri samfélagi innan Evrópusambandsins.

Hvað gerir efnahags- og félagsmálanefndin?

Nefndin hefur þrjú meginhlutverk:

- Hún veitir Evrópuþinginu, ráðherraráðinu og framkvæmdarstjórninni aðstoð, byggða á þekkingu og tengslum meðlima nefndarinnar, við að tryggja gott samræmi milli stefnumála ESB og löggjafar og efnahagslegra, félagslegra og borgaralegra aðstæðna í aðildarríkjunum og stuðlar að niðurstöðu í þágu sem flestra.
- Hún stuðlar að auknu íbúalýðræði innan Evrópusambandsins og betri tengslum við vilja almennings með því að vera vettvangur skoðanaskipta og umræðna um viðhorf félagasamtaka.
- Hún kynnir og kemur á framfæri grunngildum Evrópusamrunans, jafnt innan Evrópu og um heim allan, sem og mikilvægi lýðræðis, þátttökulýðræðis og frjálsra félagasamtaka.

Evópuþingið, ráðherraráðið og framkvæmdastjórnin verða að ráðfæra sig við nefndina á þeim sviðum sem sáttmálar sambandsins kveða á um. Þeim málaflokkum hefur fjölgað verulega og sífellt fleiri mál heyra undir ráðgjöf nefndarinnar. Einnig getur nefndin að eigin frumkvæði gefið út álit í málum þar sem hún telur mikilvægt að standa vörð um hagsmuni félagasamtaka. Efnahags- og félagsmálanefndin gefur út um það bil 170 álit á ári og eru þar af um 15% unnin að frumkvæði nefndarinnar.

Mikilvægur þáttur í starfi efnahags- og félagsmálanefndarinnar er viðleitni hennar til að efla samheldni milli nefndarmanna sem eru í forsvari fyrir ólíka hópa – til dæmis milli fulltrúa atvinnurekenda annars vegar og launþega hins vegar. Vegna þessarar samsetningar er nefndin t.d. í góðri stöðu til að veita ráðgjöf um hugsanleg áhrif nýrrar löggjafar á líf fólks og hvernig breyta megi löggjöf til að tryggja viðtækan stuðning almennings. Aukið gagnsæi í ákvörðunum ESB og sterkari tengsl við frjáls félagasamtök í aðildarríkjunum eru einnig mikilvægir þættir í starfsemi nefndarinnar.

Hvernig starfar efnahags- og félagsmálanefndin?

Nefndarmennirnir 344 eru tilnefndir af ríkisstjórnnum aðildarríkja ESB til fimm ára tímabils, sem hægt er að framlengja, og er skipun þeirra staðfest af ráðherraráðinu. Þeir koma frá margskonar hagsmunasamtökum sem vinna að félags- og efnahagsmálum og starfa óháðir einstökum ríkisstjórnnum eftir að þeir hafa tekið sæti í nefndinni. Nefndarmönnum er skipt í þrjá hópa; atvinnurekendur, launþega og aðra. Nefndin kys sér forseta og tvo varaforseta til tveggja og hálfis árs í senn. Hún hittist níu sinnum á ári á allsherjarfundum í Brussel þar sem álit eru samþykkt með einföldum meirihluta.

© EU



Skipulag orkumála varðar alla íbúa Evrópu, þ.m.t. samtök sem starfa innan efnahags- og félagsmálanefndarinnar.

Undirbúningur allsherjarfunda nefndarinnar er í höndum sex deilda sem stýrt er af nefndarmönnum og njóta þeir stuðnings starfsmanna aðalskrifstofu nefndarinnar í Brussel. Þessar deildir eru:

- ▶ Deild um efnahags- og myntbandalagið og efnahags- og félagslega samheldni (ECO).
- ▶ Deild um innri markaðinn, framleiðslu og neyslu (INT).
- ▶ Deild um flutningastarfsemi, orkumál, innviði og upplýsingasamfélagið (TEN).
- ▶ Deild um atvinnu, félagsleg málefni og borgararéttindi (SOC).
- ▶ Deild um landbúnað, byggðapróun og umhverfismál (NAT).
- ▶ Deild um utanríkismál (REX).
- ▶ Ráðgefandi nefnd um breytingar á iðnaðarstefnu (CCMI).

Efnahags- og félagsmálanefndin metur annars vegar árangurinn af langtímastefnumótun ESB í þremur svokölluðum athugunarhópum (e. observatories) og hins vegar í stýrinefnd sem hefur eftirlit með framkvæmd og áhrifum á almenning. Hóparnir eru:

- ▶ Athugunarhópur um sjálfbæra þróun.
- ▶ Athugunarhópur um atvinnumál.
- ▶ Athugunarhópur um innri markaðinn.
- ▶ Stýrinefnd um sóknaráætlunina Evrópa 2020.

Tengsl við efnahags- og félagsmálaráðin

Efnahags- og félagsmálanefndin á í reglulegum samskiptum við efnahags- og félagsmálaráð á héraðs- og landsvísu í öllu Evrópusambandinu, til að skiptast á upplýsingum og eiga árlegt samráð um sérstök málefni.

Svæðanefndin

Rödd sveitarfélaganna

Hlutverk: Fulltrúi borga og héraða í Evrópu

Meðlimir: 344 frá öllum aðildarríkjum ESB

Aðsetur: Brussel

► cor.europa.eu

Svæðanefndin (e. Committee of the Regions, CoR) er ráðgefandi stofnun sem samanstendur af fulltrúum héraðs- og sveitarstjórna. Nefndin er rödd héraða og sveitarstjórna í Evrópu í stefnumótunarvinnu ESB og tryggir að séreinkenni, valdsvið og þarfir héraða og sveitarfélaga séu virt. Ráðherraráðið og framkvæmdastjórnin verða að ráðfæra sig við svæðanefndina í málum sem snerta sveitar- og héraðsstjórnir, svo sem varðandi byggðastefnu, umhverfis-, menntunar- og samgöngumál.

Hvað gerir svæðanefndin?

Það gefur auga leið að fulltrúar sveitar- og héraðsstjórna hafi eitthvað að segja um mótun nýrra laga innan ESB, þegar haft er í huga að þrír fjórðu allrar löggjafar ESB er innleidd á sveitar- eða héraðsstjórnastigi. Þannig gerir starfsemi svæðanefndarinnar ESB bæði lýðræðislegra og ábyrgara með framlögum hinna kjörnu fulltrúa á sveitarstjórnastiginu - fulltrúa sem standa sennilega hvað næst íbúum ESB og daglegum viðfangsefnum þeirra.

Framkvæmdastjórnin og Evrópupingið verða að ráðfæra sig við svæðanefndina um lagafrumvörp er varða beint málefni sveitar- og héraðsstjórna, svo sem almannavarnir, loftslagsbreytingar og orkumál. Þegar nefndin fær lagafrumvarp til skoðunar er því vísað til umræðu á allsherjarfundi, þar sem það er samþykkt eða því synjað með meirihluta atkvæða og álit gefið út. Mikilvægt er að nefna að framkvæmdastjórnin og þingið eru ekki skuldbundin til að fara að ráðum svæðanefndarinnar heldur einungis að leita ráðgjafar hennar. Ef lögboðið samráðsferli við lagasetningu er ekki virt getur nefndin skotið málinu til Evrópudómstólsins. Svæðanefndin getur einnig að eigin frumkvæði gefið út álit á málum sem eru efst á baugi hverju sinni.

Hvernig starfar svæðanefndin?

Nefndarmennirnir eru kjörnir fulltrúar í sveitar- eða héraðsstjórnnum innan ESB sem eru í forsvari fyrir öll málefni er varða sveitar- og héraðsstjórnir. Þeir geta verið forsetar héraðsstjórna, fulltrúar héraðsþinga, sveitarstjórnarmenn eða borgarstjórar stórra borga og þurfa þeir að hafa verið kosnir í embætti í heimalandi sínu. Nefndarmennirnir eru tilnefndir af ríkisstjórnnum aðildarríkjanna en starfa óháð pólitískum afskiptum. Ráðherraráðið skipar nefndarmenn til fimm ára í senn sem hægt er að framlengja. Svæðanefndin velur sér forseta úr hópi nefndarmanna til tveggja og hálfis árs í senn.

Meðlimir svæðanefndarinnar búa og starfa í heimalöndum sínum en hittast á allsherjarfundum í Brussel fimm sinnum á ári, þar sem stefnan er mótuð og álit samþykkt. Sex mismunandi sérfræðinefndir, skipaðar nefndarmönnum, undirbúa allsherjarfundi nefndarinnar. Þær eru:

- Nefnd um samheldnistefnu milli svæða (COTER).
- Nefnd um efnahags- og félagsmálustefnu (ECOS).
- Nefnd um menntun, ungmenni og rannsóknir (EDUC).
- Nefnd um umhverfis-, loftslags- og orkumál (ENVE).
- Nefnd um borgararéttindi, stjórnun, stofnanir og utanríkismál (CIVEX).
- Nefnd um náttúruauðlindir (NAT).

Svæðanefndarfulltrúarnir sitja einnig í sendinefndum viðkomandi aðildarríkja og svæðanefndum sem ætlað er að hvetja til samstarfs þvert á landamæri. Þá skiptist svæðanefndin í fjóra stjórnmalahópa.

Umboðsmaðurinn

Rannsakar kvartanir

Hlutverk: Rannsakar óvandaða stjórnsýsluhætti

Aðsetur: Strassborg

► ombudsman.europa.eu

Umboðsmaðurinn (e. European Ombudsman) rannsakar umkvartanir frá borgurum ESB, íbúum, fyrirtækjum og stofnunum um lélega eða óvandaða stjórnsýsluhætti hjá stofnunum ESB.

Hvað gerir umboðsmaðurinn?

Umboðsmaðurinn er kjörinn af Evrópupinginu til fimm ára í senn sem hægt er að framlengja. Með því að taka á móti umkvörtunum og rannsaka þær aðstoðar umboðsmaðurinn við að fletta ofan af óvandaðri stjórnsýslu innan stofnana og undirstofnana ESB – þ.e. tilvikum þar sem stofnanir ESB hafa ekki aðhafst eða hafa brugðist við á rangan hátt eða gert eitthvað sem ekki hefði átt að gera. Óvandaðir stjórnsýsluhættir eru t.d.:

- Ósanngjörn málsmeðferð.
- Mismunur.
- Misnotkun á valdi.
- Skortur eða neitun á upplýsingagjöf.
- Óþarfar tafir.
- Rögum starfsreglum fylgt.

Sérhver borgari eða íbúi aðildarríkis ESB getur sent kvörtun til umboðsmannsins, sem og félagasamtök og fyrirtæki. Umboðsmaðurinn annast einungis mál sem snúa að stofnunum ESB en ekki umkvartanir sem beinast að ríkisstjórn, héraðs- eða sveitarstjórn eða stofnunum aðildarríkjanna. Hann starfar sjálfstætt og af óhlutdrægni og hvorki óskar eftir eða tekur við fyrimælum frá ríkisstjórn eða stofnunum.

Oft er nóg fyrir umboðsmanninn að upplýsa stofnun um að kvörtun hafi borist til að það sem misfórst sé lagfært. Ef mál fæst ekki leyst á ásættanlegan hátt reynir umboðsmaðurinn að finna hentuga lausn á vandanum og uppfylla, ef mögulegt er, kröfur þess sem kvartaði. Ef það gengur ekki getur umboðsmaðurinn lagt fram ráðleggingar um hvernig leysa megi málið. Ef stofnunin sem um ræðir fellst ekki á ráðleggingar umboðsmannsins getur hann lagt sérstaka skýrslu fyrir Evrópupingið.

Á heimasíðu umboðsmannsins er hægt að finna gagnlegar upplýsingar um hvernig koma má kvörtunum á framfæri.



© ImageGlobe

Í embætti sínu sem umboðsmaður rannsakar Nikiforos Diamandouros umkvartanir sem snúa að óvandaðri stjórnsýslu innan stofnana ESB.

Evrópska persónuverndarstofnunin

Verndar persónuupplýsingar

Hlutverk: Verndun persónuupplýsinga í meðförum stofnana ESB

Aðsetur: Brussel

► **edps.europa.eu**

Í daglegum störfum sínum þurfa stofnanir Evrópusambandsins oft að safna saman og vinna úr margskonar persónuupplýsingum um borgara og íbúa ESB á rafrænu, skriflegu eða sjónrænu formi. Evrópska persónuverndarstofnunin (e. European Data Protection Supervisor, EDPS) stendur vörð um þessar persónuupplýsingar og friðhelgi einstaklinga, ásamt því að miðla upplýsingum um góða starfshætti á þessu sviði til stofnana ESB.

Hvað gerir Evrópska persónuverndarstofnunin?

Strangar Evrópureglur gilda um notkun stofnana ESB á persónuupplýsingum – svo sem nöfnum, heimilisföngum, heilsufarsupplýsingum og starfsferilsskrám. Verndun þessara upplýsinga telst til grundvallarréttinda og er sérhver stofnun ESB með á sínum vegum persónuverndarfulltrúa sem á að tryggja að settum skilyrðum sé fullnægt, s.s. að einungis sé unnið úr upplýsingum í lögmætum tilgangi. Einstaklingar sem upplýsingarnar fjalla um njóta einnig vissra réttinda sem þeir geta nýtt sér, t.d. til að leiðrétta upplýsingar um sjálfa sig. Hlutverk Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar er að hafa yfirumsjón með söfnun persónuupplýsinga og upplýsingakerfum innan stofnana ESB og tryggja að allt sem gert er sé í samræmi við bestu starfshætti. Stofnunin meðhöndlar einnig umkvartanir og annast úttektir. Önnur verkefni eru m.a.:

- Eftirlit með úrvinnslu á persónuupplýsingum innan stjórnsýslu ESB.
- Ráðgjöf við stefnumótun og lagasetningu er varðar friðhelgi einstaklinga.
- Samvinna við skyldar stofnanir í aðildarríkjunum til að tryggja samræmi í verndun persónuupplýsinga.

Hvernig starfar stofnunin?

Starfsemi Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar skiptist í tvo hluta. Eftirlits- og framkvæmdasvið metur hvernig stofnanir ESB fylgja reglum um persónuvernd. Stefnumótunar- og samráðssvið veitir löggjafarstofnunum ESB ráðgjöf í fjölda mála er varða verndun persónuupplýsinga og við frumvarpsvinnu. Stofnunin hefur einnig eftirlit með tækniþróun sem getur haft áhrif á verndun persónuupplýsinga.

Hver sá sem telur að stofnanir ESB hafi brotið gegn réttindum sínum við úrvinnslu persónuupplýsinga getur kvartað til Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar. Kvörtunina þarf að senda með sérstöku eyðublaði sem nálgast má á heimasíðu stofnunarinnar.

Fjárfestingabanki Evrópu

Fjárfest til framtíðar

Hlutverk:	Fjárveitingar til langtímafjárfestinga í ESB-tengdum verkefnum
Hluthafar:	Aðildarríki ESB
Stjórn:	Einn fulltrúi frá hverju aðildarríki auk framkvæmdastjórnarinnar
Aðsetur:	Lúxemborg
► eib.org	

Fjárfestingabanki Evrópu (e. European Investment Bank) er banki Evrópusambandsins. Hann er í eigu aðildarríkjanna og hlutverk hans er að lána til fjárfestinga sem styðja við markmið sambandsins – til dæmis til orkumála og samgöngukerfa, sjálfbærni í umhverfismálum og nýsköpunar. Megináherslur bankans eru fjölgun starfa og stuðningur við vöxt í Evrópu, loftslagsmál og önnur stefnumál ESB sem ná út yfir landamæri þess.

Hvað gerir fjárfestingabankinn?

Fjárfestingabanki Evrópu er stærsti fjölþjóða lántakandi og lánveitandi í heiminum. Hann veitir fjármagni og sérþekkingu til traustra og sjálfbærra fjárfestingaverkefna, aðallega innan ESB. Meðal þeirra þúsunda verkefna sem bankinn hefur fjármagnað í gegnum tíðina má nefna Viuduct de Millau brúna og hraðlestakerfið í Frakklandi, flóðavarnir í Feneyjum, vindmyllur í Bretlandi, Eyrarsundsbrúna, neðanjarðarlestakerfið í Aþenu og hreinsun sjávar í Eystrasalti.

Bankinn fær ekki fjármagn úr sjóðum ESB heldur fjármagnar hann sig sjálfur með útgáfu skuldabréfa á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Árið 2011 lánaði bankinn 61 milljarð evra til 450 stórra verkefna í 78 löndum – 54 milljarða evra til aðildarríkja ESB og 7 milljarða evra til landa utan ESB, þar sem sérstök áhersla er lögð á verkefni í foraðildarríkjum, nágrannaríkjum í suðri og austri, Afríku, Karabíska hafinu og Kyrrahafinu, sem og Suður-Ameríku og Asíu.

Fjárfestingabanki Evrópu er með lánshæfiseinkunnina AAA. Almenn lánar bankinn allt að 50% af kostnaði hvers verkefnis og hjálpar til við að finna viðbótarfjármagn frá öðrum aðilum. Lán sem eru hærri en 25 milljónir evra lánar hann beint til opinberra og

einkaaðila, eins og ríkisstjórna og fyrirtækja. Fyrir lægri lán opnar bankinn lánalínur til viðskiptabanka og annarra fjármálastofnana sem veita lánin áfram til lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða til lítilla verkefna á vegum opinberra aðila.

Á vettvangi ESB hefur fjárfestingabankinn sex forgangsatriði að leiðarljósi við útlánastarfsemi sína:

- Auka samheldni og samleitni á milli aðildarríkja og svæða innan ESB.
- Styðja lítil og meðalstór fyrirtæki.
- Vernda og bæta umhverfið og sjálfbær samfélög.
- Stuðla að þekkingarhagkerfi.
- Styðja þróun evrópskra samgöngu- og orkuneta.
- Byggja upp sjálfbært, samkeppnishæft og öruggt framboð á orku.

Hvernig starfar fjárfestingabankinn?

Fjárfestingabanki Evrópu er óháð stofnun sem tekur ákvarðanir á eigin forsendum um lántökur og útlán á grundvelli hvers verkefnis fyrir sig og tækifæra í boði á fjármálamörkuðum. Bankinn vinnur í samstarfi við stofnanir ESB, sérstaklega framkvæmdastjórnina, Evrópuþingið og ráðherraráðið.

Ákvarðanir Fjárfestingabanka Evrópu eru teknar af:

- Bankaráðinu (e. Board of Governors) sem skipað er ráðherrum, oftast fjármálaráðherrum, frá öllum aðildarríkjunum. Bankaráðið mótar almenna útlánastefnu bankans.



© EU

Lagning nýrra járnbrautalína er meðal verkefna sem geta notið góðs af lánum frá Evrópska fjárfestingabankanum.

- ▶ Bankastjórn (e. Board of Directors) sem er stýrt af forseta bankans. Stjórnarmenn eru 28 alls, 27 skipaðir af aðildarríkjunum og einn af framkvæmdastjórninni. Bankastjórnin samþykkir lántökur og útlán.
- ▶ Framkvæmdanefnd (e. Management Committee) sem annast daglegan rekstur bankans.

Fjárfestingasjóður Evrópu

Fjárfestingabanki Evrópu er stærsti hluthafinn í Fjárfestingasjóði Evrópu (e. European Investment Fund, EIF), sem fjárfestir í litlum og meðalstórum fyrirtækjum (LMF) en slík fyrirtæki eru 99% af öllum fyrirtækjum innan ESB og veita yfir 100 milljón Evrópubúum atvinnu. Það er oft erfitt fyrir LMF að finna nauðsynlegt fjármagn til fjárfestinga og vaxtar. Þetta á sérstaklega við um sprota- og frumkvöðlafyrirtæki – sem eru einmitt þau fyrirtæki sem ESB vill styðja. Fjárfestingasjóður Evrópu mætir þessari þörf með því að bjóða framtaksfjármagn (e. venture capital) og aðrar tegundir áhættufjármagns – að verðmæti margra milljarða evra ár hvert – að hluta til í samvinnu við framkvæmdastjórnina, viðskiptabanka og aðrar lánastofnanir.

- ▶ eif.org

Undirstofnanir ESB

Til eru fjölmargar sérhæfðar undirstofnanir innan Evrópusambandsins sem veita upplýsingar eða ráðgjöf til stofnana ESB, aðildarríkja þess og borgara. Hver þeirra hefur sérhæfðu hlutverki að gegna, hvort sem er tæknilegu, vísindalegu eða stjórnmunarlegu. Undirstofnunum ESB er hægt að skipta niður í nokkra flokka.

- Sjálfstæðar undirstofnanir (e. decentralised agencies) Undirstofnanir heyra undir Evrópurétt en þær eru aðgreindar frá stofnunum ESB (ráðherraráðinu, Evrópuþingi, framkvæmdastjórn o.s.frv.) og eru skilgreindar sem sérstakir lögaðilar. Undirstofnanirnar eru starfræktar víðsvegar um Evrópu og geta viðfangsefni þeirra verið af lögfræðilegum eða vísindalegum toga. Dæmi um slíkar undirstofnanir eru yrkisrskrifstofan (e. Community Plant Variety Office) í Angers í Frakklandi, sem stendur vörð um nýjan yrkisrétt og eftirlitsmiðstöð Evrópu með lyfjum og lyfjafíkn (e. Monitoring Centre for Drugs and Addiction) í Lissabon í Portúgal, sem rannsakar og miðlar upplýsingum um eiturlyf og eiturlyfjafíkn.

Þrjár eftirlitsstofnanir fylgjast með að reglum um fjármálastofnanir sé fylgt og standa þannig vörð um fjármálastöðugleika í Evrópu. Þær eru Evrópska bankastofnunin (e. European Banking Authority), Evrópska trygginga- og lífeyrissjóðastofnunin (e. European Insurance and Occupational Pensions Authority) og Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði (e. European Securities and Markets Authority).

Aðrar undirstofnanir aðstoða aðildarríki ESB í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Dæmi um slíka stofnun er Europol, með aðsetur í Haag í Hollandi, sem er samstarfsvettvangur löggæslustofnana aðildarríkja ESB til að bera kennsl á og leita uppi hættulegustu glæpamenn og hryðjuverkasamtök Evrópu.

- Stofnanir Kjarnorkubandalags Evrópu Þessar undirstofnanir starfa innan ramma sáttmálans um Kjarnorkubandalag Evrópu og samræma rannsóknir í löndum ESB á friðsamlegri notkun á kjarnorku og tryggja nægjanlegt og öruggt framboð á kjarnorku.
- Framkvæmdastofnanir (e. executive agencies) Framkvæmdastofnanir tryggja hagnýta stjórnun verkefna á vegum ESB, t.d. við meðhöndlun á styrkumsóknum. Slíkar stofnanir eru settar á laggirnar í ákveðinn tíma og þurfa að vera með aðsetur á sama stað og framkvæmdastjórnin, í Brussel eða í Lúxemborg. Dæmi um slíka undirstofnun er Evrópska rannsóknaráðið (e. European Research Council) sem fjármagnar grunnrannsóknir vísindamanna innan ESB.



Öryggi matvæla þarf að tryggja um alla Evrópu – samhæfing þess eftirlits er dæmi um starfsemi sem undirstofnun ESB sinnir.

Stofnun um samstarf orkueftirlitsaðila (e. Agency for the Cooperation of Energy Regulators, ACER)

Evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (e. Body of European Regulators for Electronic Communications, BEREC)

Yrkisskrifstofa (e. Community Plant Variety Office)

Framkvæmdaskrifstofa mennta- og menningarmála og hljóð- og myndmiðlunar hjá framkvæmdastjórninni (e. Education, Audiovisual and Culture Executive Agency, EACEA)

Framkvæmdaskrifstofa samkeppnishæfni og nýsköpunar hjá framkvæmdastjórninni (e. Executive Agency for Competitiveness and Innovation, EACI)

Birgðastofnun Kjarnorkubandalags Evrópu (e. Euratom Supply Agency, ESA)

Evrópustofnun um framkvæmd samvinnu á ytri landamærum aðildarríkja Evrópusambandsins (e. European Agency for the Management of Operational Cooperation at the External Borders of the Member States of the European Union, Frontex)

Evrópustofnun um rekstur stórra upplýsingakerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis (e. European Agency for the operational management of large-scale IT systems in the area of freedom, security and justice, IT Agency)

Evrópska vinnuverndarstofnunin (e. European Agency for Safety and Health at Work, EU-OSHA)

Stofnun um aðstoð við hælisleitendur (e. European Asylum Support Office, EASO)

Flugöryggisstofnun Evrópu (e. European Aviation Safety Agency, EASA)

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (e. European Banking Authority, EBA)

Sóttvarnastofnun Evrópu (e. European Centre for Disease Prevention and Control, ECDC)

Evrópumiðstöð fyrir þróun starfsmenntunar (e. European Centre for the Development of Vocational Training, Cedefop)

Efnastofnun Evrópu (e. European Chemicals Agency, ECHA)

Varnarmálastofnun Evrópu (e. European Defence Agency, EDA)

Umhverfisstofnun Evrópu (e. European Environment Agency, EEA)

Fiskveiðieftirlitsstofnun Evrópu (e. European Fisheries Control Agency, EFCA)

Matvælaöryggisstofnun Evrópu (e. European Food Safety Authority, EFSA)

Evrópustofnun um bætt lífskjör og starfsskilyrði (e. European Foundation for the Improvement of Living and Working Conditions, Eurofound)

Evrópustofnun um hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi (e. European GNSS Agency, GSA)

Evrópustofnun um jafnrétti kynjanna (e. European Institute for Gender Equality, EIGE)

Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu (e. European Institute of Innovation and Technology, EIT)

Evrópska trygginga- og lífeyrissjóðastofnunin (e. European Insurance and Occupational Pensions Authority, EIOPA)

Sameiginlegt evrópskt fyrirtæki um alþjóðlegar tilraunir með kjarnaofn og þróun samrunaorku (e. European Joint Undertaking for ITER and the Development of Fusion Energy, Fusion for Energy)

Siglingaöryggisstofnun Evrópu (e. European Maritime Safety Agency, EMSA)

Lyfjastofnun Evrópu (e. European Medicines Agency, EMA)

Eftirlitsmiðstöð Evrópu með lyfjum og lyfjafíkn (e. European Monitoring Centre for Drugs and Drug Addiction, EMCDDA)

Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu (e. European Network and Information Security Agency, ENISA)

Samtök evrópskra lögreglumenntastofnana (e. European Police College, CEPOL)

Evrópska lögregluskrifstofan (e. European Police Office, Europol)

Járnbrautastofnun Evrópu (e. European Railway Agency, ERA)

Framkvæmdaskrifstofa Evrópska rannsóknarráðsins (e. European Research Council Executive Agency, ERCEA)

Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði (e. European Securities and Markets Authority, ESMA)

Starfsmenntunarstofnun Evrópu (e. European Training Foundation, ETF)

Evrópustofnun grundvallarmannréttinda (e. European Union Agency for Fundamental Rights, FRA)

Stofnun Evrópusambandsins í öryggisfræðum (e. European Union Institute for Security Studies (EUISS))

Gervihnattamiðstöð Evrópusambandsins (e. European Union Satellite Centre, EUSC)

Evrópska réttaraðstoðin (e. The European Union's Judicial Cooperation Unit, Eurojust)

Framkvæmdaskrifstofa heilbrigðis- og neytendamála hjá framkvæmdastjórninni (e. Executive Agency for Health and Consumers, EAHC)

Samhæfingarskrifstofa innri markaðarins (vörumerki og hönnun) (e. Office for Harmonization in the Internal Market (Trade Marks and Designs), OHIM)

Framkvæmdaskrifstofa rannsókna hjá framkvæmdastjórninni (e. Research Executive Agency, REA)

Framkvæmdaskrifstofa samevrópsks flutninganets hjá framkvæmdastjórninni (e. Trans-European Transport Network Executive Agency, TEN-T EA)

Þýðingamiðstöð stofnana Evrópusambandsins (e. Translation Centre for the Bodies of the European Union, CdT)

Allar undirstofnanir ESB má finna hér:

► europa.eu/agencies/index_en.htm

Settu þig í samband við ESB



Á NETINU

Hægt er að finna upplýsingar um Evrópusambandið á öllum opinberum tungumálum þess á vefsíðunni: **europa.eu**



Í EIGIN PERSÓNU

Víða um Evrópu er að finna fjölda upplýsingamiðstöðva um ESB. Hægt er að finna heimilisfang þeirrar miðstöðvar sem er næst þér á vefsíðunni: **europedirect.europa.eu**

MEÐ SÍMA EÐA Í TÖLVUPÓSTI



Europe Direct er þjónusta sem á að svara spurningum um Evrópusambandið. Hægt er að hringja gjaldfrjálst innan ESB í númerið **00 800 6 7 8 9 10 11** (sum farsímafyrirtæki leyfa ekki að hringt sé í 00 800 númer eða kunna að rukka fyrir símtalið), eða utan ESB í númerið +32 22999696. Hægt er að senda tölvupóst í gegnum síðuna: **europedirect.europa.eu**



LESTU UM EVRÓPU

Hægt er að nálgast margvíslegt lesefni um ESB á vefsíðu bókabúðar ESB: **bookshop.europa.eu**

ÞAÐ ER EINNIG HÆGT AÐ NÁLGAST UPPLÝSINGAR OG BÆKLINGA UM ESB Á ÍSLENSKU Á EFTIRFARANDI STÖÐUM:

SENDINEFND ESB Á ÍSLANDI

Aðalstræti 6
101 Reykjavík
Sími 520 3399
Fax 520 3398
Vefsíða: esb.is
Netfang: Delegation-Iceland@eeas.europa.eu

EVROPUSTOFA - UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ ESB (Reykjavík)

Suðurgötu 10
101 Reykjavík
Sími 527 5700
Fax 527 5706
Vefsíða: evropustofa.is
Netfang: evropustofa@evropustofa.is

EVROPUSTOFA - UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ ESB (Akureyri)

Kaupvangsstræti 23
600 Akureyri
Sími 527 5700
Fax 527 5706
Vefsíða: evropustofa.is
Netfang: evropustofa@evropustofa.is

Framkvæmdastjórn ESB og Evrópungingjð halda úti skrifstofum í öllum löndum Evrópusambandsins. Sendinefndir á vegum ESB eru einnig í ríkjum utan sambandsins.

Evrópusambandið



Evrópusambandið (ESB) á sér ekki fordæmi. Það er ekki sambandsríki eins og Bandaríki Norður Ameríku því aðildarríkin eru sjálfstæðar, fullvalda þjóðir. Né er það eingöngu milliríkjastofnun eins og Sameinuðu þjóðirnar.

Ríki Evrópusambandsins deila að hluta til fullveldi sínu – og eru sterkari og áhrifameiri sameinuð en ein og sér. Þau deila fullveldi sínu með því að taka sameiginlega ákvarðanir á vettvangi sameiginlegra stofnana, svo sem á Evrópuþinginu, sem kosið er af íbúum ESB, sem og í leiðtogaráðinu og ráðherraráðinu, sem hvoru tveggja eru skipuð fulltrúum stjórnvalda hvers aðildarríkis. Ákvarðanir sem þar eru teknar byggjast á tillögum frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, en hún gætir heildarhagsmuna ESB. En hvað gera þessar stofnanir? Hvernig vinna þær saman og hver eru ábyrgðarsvið þeirra?

Í þessum bæklingi er leitast við að svara þessu á skýran og skilmerkilegan hátt. Hann veitir einnig yfirsýn yfir aðrar stofnanir og þátttakendur í starfsemi Evrópusambandsins. Markmiðið er að veita greinargóðar upplýsingar um ákvörðunarferlið hjá ESB.



ISBN 978-92-9238-116-5



9 789292 381165

doi:10.2871/55658